

MOSFELLINGUR

ÞEJARKHÁTT
MOSFELLSPÆJAR
HEIMAS
GLÆSILEG DAGSKRÁ Í MIÐOPINU

10. tbl. 8. árg. föstudagur 21. ágúst 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjálarnesi og í Kjós



Mynd/Hilmar

Skólastarf í Brúarlandi á nýjan leik Kennsla hafin í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar

Fyrsta skólasetning Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram í gær í húsnæði skólans að Brúarlandi. Framhaldsskólinn kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og eru þær áherslur samfléttaðar við skólastarfið. Þar er jafnt átt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir.

Skólahúsnæðið hefur verið endurnýjað af miklum myndarbrag en fyrst var kennt að Brúarlandi árið 1922. Brúarlandshúsið hefur löngum verið óskabarn Mosfell- inga og lengi miðstöð skólahalds og félagslífs í sveitinni.

Á myndinni má sjá hluta nemenda og starfsmanna við skólann þegar nemendur sóttu stundaskrár sínar á miðvikudag. Þá var verið að leggja lokahönd á frágang við skólann en í dag, föstudag, hefst skólastarf af fullum krafti.

EIGN VIKUNNAR

Ásland - Parhús m/aukaíbúð


 **EIGNAMIDLUN**
Mosfellsbæ



Mjög fallett 203,8 m² parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu.

V. 43,9 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun


Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatangá 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördis Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 11. sept

Skreytum hús ...

Eins og flestir Íslendingar þá
ferðaðist ég töluvert um landið
í sumar og naut vel. Það sem hins
fegar fór í taugarnar á mér var að
að flest stoppin á leiðinni eru orðin



eins og stopp í Ártúns-
brekkunni. Allur sjarmi
farinn af vegasjopp-
um landsins og N1
stöðvarnar teknar yfir
og allar eins. Gott
dæmi um það
er Staðarskáli
og Enn einn
bíltúrinn að
baki.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Langbráður draumur Mos-
fellinga rætist í dag þegar
Framhaldsskóli tekur til starfa
að Brúarlandi. Nýr skóli í gömlu
skólahúsi en fyrst var kennt að
Brúarlandi árið 1922. Húsið hefur
þó gegnt ýmsum hlutverkum í
gegnum tíðina.

Þæjarhátíðin okkar „Í túninu
þheima“ fer fram nú í lok
mánaðarins. Glæsilega dagskrá
hátíðarinnar má finna í opnu
blaðsins. Hátíðin er nú haldin í 5.
sinn og stækkar með hverju árinu.
Ég hvet Mosfellinga eindregið til
að taka þátt, skreyta híbýli sín og
láta sjá sig.



www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... þegar meistaraflokkur kvenna í
knattspyrnu iðkaði knattspyrnu á
Tungubökkum. Þrátt fyrir ungan
aldur spiluðu þær ávalt fyrir hönd
meistaraflokks Aftureldingar en
myndin er tekin á miðjum níunda
áratugnum.

Aftari röð frá vinstri, Pétur Þór
þjálfari, Svanhvítt Magnúsdóttir,
Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir,
Anna Sigurveig Magnúsdóttir,
Bóel Kristjánsdóttir, Kolbrún
Ottósdóttir og Arna Hilmarsdóttir.

Fremri röð frá vinstri Dóróthea
Heiður Grétarsdóttir, Sigrún
Másdóttir, Jóhanna Pálsdóttir,
Þórgunnur Birgisdóttir, Jóhanna
Jónsdóttir og Guðrún Ríkhards-
dóttir.



SACLA
ITALIA

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidun.is



Landitangi -

Mjög fallegt 171 fm einbýlishús með sambygg. bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stálitaður blástursofn, keramik helluborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburvernd og skjólógður garður. Skipti möguleg! Laust til afhendingar strax! **V. 44,9 m.**



Lindarbyggð 9

Vel skipulagt 177,1 m² parhús með bílskúli við Lindarbyggð 9 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 3 barnaherbergi og hjónaherbergi. Búið er að loka bílskúli og innrétta herbergi.

Opið hús mánudaginn 24 ágúst frá kl 17:30 til 18:00
V. 37,9 m.



Súluhöfði 25

Falleg 197,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr og 62,7 fm auka íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Súluhöfða 25 í Mosfellsbæ. Lækkað verð!

Opið hús mánudaginn 24 ágúst frá kl 17:30 til 18:00
V. 48,9 m.



Stórikriki

Fallegt 262,1 fm einbýlishús í byggingu á tveimur pöllum með innbyggðum bílskúr við Stórikrika 12 í Mosfellsbæ. Húsið er einingarhús frá Loftorku og er rúmlega fókelt í dag.
V. 39,7 m.



Kvíslartunga

Stílhreint parhús/keðjuhús á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, mögulegt að bæta við fleirum, stórar stofur og eldhús, góður bílskúr og mjög stórar svalir með útsýni til allra átta. Húsið er tilbúið til afhendingar, fullbúið að utan og vel rúmlega fókelt að innan. Áhvalandi er yfirtakanlegt hagstætt líffeyrisjóðslán á 4,9% vöxtum, um 32 m.kr. Skipti skoðuð á minni eign!
Oskað er eftir tilboði í eignina!



Súluhöfði

Mjög fallegt 167,7 m² parhús m/bílskúr innst í litlum botnlanga við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb., stofu, sjónvarpshol, stórt eldhús, baðherb. m/sturtu og hornbaðkari, sér þvottahús og góða geymslu/vinnuherb. Rúmgóður 29,3 m² bílskúr með millilofti. Steipt (Bomonte) bílplan með snjóbræðslu og stór hornlód.
V. 44,9 m.



Laxatunga

Nýtt í sölu 182,1 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbún, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. Áhv. eru ca. 20 millj. kr. ÍLS lán. Skipti á minni eign skoðuð!
Verð kr. 35,5 m.



Arnarhöfði

Mjög fallegt 156,1 m² endaraðhús á 2 hæðum ásamt 31,7 m² bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplan fyrir framan húsið er hellulagt og garðurinn gróinn með fallgri timburvernd.
V. 46,0 m.



Brekktangi

254,0 m² raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekktanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur.

V. 39,7 m.



Bjartahlíð

Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Bjartahlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús.
V. 25,9 m.



Blikahöfði

Falleg 84,6 m², 3ja herbergja íbúð ásamt 29,2 m² bílskúr, á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Þetta er skemmtileg og fallega innréttað íbúð á besta stað, rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og World Class - golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið.
V. 23,9 m.



Skeljatangi

3ja herbergja 84,2 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, geymslu, baðherbergi, eldhús, stofu og kalda útigeymslu. Sameiginlegur garður er snyrtilegur, afgirtur og gönguleið að húsi er hellulögð.
V. 20,9 m.



Dalbrekka - Varmadal

Mjög vel staðsett og vandað heilsárshús í aðeins í 20 mín. fjarlægð frá Reykjavík. Húsið var allt endurbbyggt fyrir um 10 árum. Mjög fallegt útsýni er út Sundin, Mosfellsbæinn og víðar. Rétt fyrir neðan húsið rennur Leirvögsáin. Húsið skiptist í forstofu, setustofu, dagstofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi.
Oskað er eftir kautilboði í eignina.



Björgunarbát stolið á Hafravatni

Sunnudaginn 26. júlí var björgunarbát Reykjalundar á Hafravatni stolið. Vitni segja að á sunnudeginum hafi komið tveir einstaklingar á gráum Yaris og leikið sér á björgunarbátum. Þeir voru með eigin mótör. Skömmu eftir að þessir tveir voru búnir að leika sér kom stór grár amerískur „pick-up“ með stóra kerru í eftirdragi og tók bátinn. Baturinn er svartur, harðbotna plastbátur sem var smíðaður fyrir Reykjalund. Róður á Hafravatni er hluti af því endurhæfing-arstarfi sjúklinga sem fram fer á Reykjalundi yfir sumartímann. Hvarf bátsins er mjög bagalegt fyrir starfseminna þar sem ekki er hægt að stunda róður á vatninu nema hafa björgunarbát til taks. Allar ábendingar væru vel þegn-ar til lögreglunnar.



Kveikt í ruslagámi við Brúarland

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis-ins var kallað út að kvöldi 1. ágúst vegna elds, sem logaði í ruslagámi við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar að Brúarlandi. Vel gekk að slökkva eldinn en tré, sem voru við gáminn, sviðnuðu. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu var mikið af timbri í gámmum og því logaði glatt í honum. Ljóst þykir að kveikt hafi verið í timbrinu. Myndina tók Haukur Eyþórsson.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Nýtt miðbæjarskipulag liggur fyrir og hugað er að friðlýsingu klappanna

Hverfisverndarsvæði klappanna fær til

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að nýju miðbæjarskipulagi og geta íbúar kynnt sér þær á vef Mosfellsbæjar. Einnig verður settur upp sérstakur kynningarbás um tillögurnar á bæjarhátíðinni í túninu heima. Mikið var lagt upp úr því að flétta hugmyndir bæjarbúa inn í hið nýja skipulag líkt og áður hefur komið fram í Mosfellingi.

Í tillögum um nýtt miðbæjarskipulag er gert ráð fyrir að nýtt menningarhús og kirkja verði byggð á klöppunum sem eru hverfisvernd að svæði. Í því skyni að koma í veg fyrir að gengið sé á hverfisverndina hefur Mosfellsbær ákveðið að færa til hverfisverndarsvæðið í stað þess að aflétta því.

Töluvert raskað svæði

Nauðsynlegt er að aflétta hverfisvernd af 2673 fermetra svæði en þess í stað bætist við hverfisvernd á öðrum stað á klapparsvæðinu um 2645 fermetra. „Þetta gerir að verkum að hverfisverndarsvæðið minnkar um 28 fermetra á pappírnum. Verðlaunatillaga nýs menningarhúss og kirkju gerir hins vegar ekki ráð fyrir að nýta allan byggingarreitinn sem ætlaður er fyrir húsið samkvæmt nýju skipulagi og bætast þannig á sjötta hundrað fermetra við hverfisverndarsvæðis miðað við sem nú er,“ segir Jóhanna B. Hansen, bæjarverkræðingur í Mosfellsbæ.

Hverfisverndarsvæði klappanna

» Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur Mosfellsbær gert tillögur um 14 náttúrumyndanir og svæði sem rétt þykir að friðlýsa en flestar tillögurnar koma einnig fram í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002–2024. Þar á meðal er tillaga um friðlýsingu klapparholtsins.

stækkar því í raun um 583 fermetra, að sögn Jóhönnu. „Þess má einnig geta að svæðið sem verið er að aflétta hverfisvernd af er töluvert raskað. Þar eru tvö hús aðliggjandi og bílastæði,“ bendir Jóhanna á. „Viðbótarsvæðið er hins vegar óhreyft og því talsvert verðmætara út frá náttúruverndarsjónarmiðum.“

Hverfisvernd en ekki friðlýst

Jóhanna bendir á að ákveðinn misskilningur sé á ferð varðandi Umhverfisstofnun og klapparsvæðið. „Því hefur verið haldið fram að nauðsyn sé að leita álits Umhverfisstofnunar varðandi breytingu á deiliskipulagi á þessu svæði. Svo er ekki þar sem svæðið er hverfisvernd að en ekki friðlýst og því bæjarins en ekki Umhverfisstofnunar að taka ákvörðun um framkvæmdir á svæðinu,“ segir hún. Engu að síður ákvað bæjarstjórn að óska eftir áliti Umhverfisstofnunar á náttúrufæðilegu gildi svæðisins.

Verðmætur hluti af miðbænum

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir að klapparholtið sé ákaflega verðmætur hluti af miðbænum. „Mosfellsbær gerði tillögu um friðlýsingu á klöppunum á sínum tíma en af einhverjum sökum lauk Náttúruvernd ríkisins ekki málinu. Nýtt miðbæjarskipulag er ærið tilefni til þess að huga að þessu máli aftur því að í skipulaginu er gert ráð fyrir því að klappinnar skipi veglegan sess í hjarta miðbæjarins,“ segir Haraldur.

Haraldur bendir á að í verðlaunatillögu um nýtt menningarhús og kirkju sé klöppunum gert hátt undir höfði. „Húsið er skipulagt sem „hliðið“ að klapparsvæðinu sjálfu,“ bætir Haraldur við.

Ráðandi þáttur í tillögunni

Kristján Garðarsson arkitekt segir að klappinnar hafi verið ráðandi þáttur við gerð verðlaunatillögunnar. „Það gerum við með því að nýta okkur hæðarlegu landsins og færum klappinnar nánast inn í bygginguna meðfram veitingasölu og bókasafni þannig að allir fái notið þeirra. Þar er einnig tenging út á göngustíga-kerfi klapparholtsins og fögur útsýn yfir klappinnar, byggðina og alla leið að Esju,“ segir Kristján.

» Frekari umræðu um miðbæjarskipulagið má sjá í aðsendum greinum aftar í blaðinu.

Helgihald næstu vikur:

Sunnudagurinn 23. ágúst
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudagurinn 30. ágúst
Göngumessa „timpurleiðin“ gengin. Mæting er við Lágafellskirkju kl. 10:30. Þaðan verður ekið með rútu að

Langatanga og þaðan gengið að Lágafellskirkju. Helgistund í kirkjunni að lokinni göngu.
Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagurinn 6. september
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir og sr. Skírnir Garðarsson.

www.lagafellskirkja.is



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

Haustdagskrá World Class í Mosfellsbæ

Ný tímatafla tekur gildi 31. ágúst

Námskeið sem hefjast í september

Átak konur

Sjálfsvarnarnámskeið (stelpur 12 - 14 ára)

Dans DWC 7 - 9 ára, 10 - 12 ára og 13 - 15 ára

Mömmutímar

NÝTT í Mosfellsbæ:

Súperþrek í sal

Salsa

Jóga

Mömmutímar



Minnum á kynningarbás Í TÚNINU HEIMA laugardaginn 29. ágúst

Skráning er hafin

World Class
ICELAND

sjá nánar á worldclass.is og í síma: 566 - 7888



Nöfn Mosfellinga á plexiglerplötum

Sýning Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá, Spjöld, stendur nú yfir í Listasafn Mosfellsbæjar. Kristín hefur skrifað nöfn allra íbúa Mosfellsveitar árið 1944 og hluta íbúa Mosfellsbæjar árið 2004 á plexiglerplötum. Verkið var unnið fyrir sýninguna Lýðveldið Ísland í Þrúðvangi á 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins og hefur Kristín nú fært Mosfellsbæ verkið að gjöf og er sýningin afmælissýning bæjarins í ár. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins og stendur til 29. ágúst. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

Lykilþjónusta í innflúensufaraldri

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stofnanir á vegum þeirra eru að leggja lokahönd á samræmdar áætlanir um hvernig tryggja má órofa lykilþjónustu á meðan innflúensufaraldur gengur yfir. Viðbúnaðurinn snertir nær alla þætti í starfsemi sveitarfélaganna og er gert ráð fyrir gagnkvæmri aðstoð við að ná markmiðunum ef þörf krefur. Til að ná markmiðum sveitarfélaganna getur þurft að grípa til ráðstafana sem hafa áhrif á dagleg störf starfsfólks þeirra. Mikil áhersla verður lögð á að kynna áætlanirnar fyrir starfsfólki og íbúum þegar þær liggja fyrir.



ELDRI BORGARAR

Tréskurðarnámskeið!

Námskeiðið byrjar 10. september kl. 12:30. Skráning í síma 5868014 kl. 13-16. Uppl. um starfsemina veitir forstöðumaður á skrifstofu félagsstarfsins í kjallara Hlaðhamra kl. 13-16. s. 5868014

Kindur finnast dauðar í Seljadal á Mosfellsheiði og lömbin enn ófundin

Hundar leggjast á sauðfé

Sex dauðar ær hafa fundist í Seljadal á Mosfellsheiði. Kindahræin eru illa útleikin og augljóslega drepnar af hundi að sögn fjáreigendanna. Seljadalur er afréttur Mosfellinga og lágu hræin öll meðfram Seljadalsá eða út í henni miðri. Ekkert hefur spurst til 10-12 lamba sem fylgt hafa ánum og kemur það víst ekki í ljós fyrr en í haust hvort þau séu á lífi.

Engir smáhundar hér á ferð

Bændurnar grunar að ærnar hafi allar verið drepnar á svipuðum tíma og jafnvel af sama hundinum. Líklegast þykir að annaðhvort göngufólk sem leið hafi átt um dalinn hafi misst stjórn á hundi sínum eða að sumarbústaðaeigendur hafi ekki haft nægar gætur á hundum sínum. „Það eru engir smáhundar sem taka svona fullorðnar ær, sex stykki, og drepa þær,“ segir Hreinn en atvikið hefur verið kært til lögreglu.

Lausaganga hunda verði bönnuð

„Hundar vaða hér uppi og það er staðreynd að sumir kunna með þá að fara en aðrir ekki. Á síðustu 6-7 árum hafa tugir kinda verið drepnir á svæðinu,“ segir Hreinn Ólafsson bóndi í Helgadal. Brýnt sé því að vekja athygli hundaeigenda á hætgunni af því að sleppa dýrunum lausum á svæðum eins og í Seljadal þar sem mikið er af fé. „Það er ósk okkar fjáreigenda að lausaganga sé bönnuð á afrétti Mosfellinga,“ bætir Sigvaldi Haraldsson á Brúarhóli við en hann er einn eigenda kindanna.



Sigvaldi Haraldsson á Brúarhóli kemur að einu hræjanna í Seljadal.

„Viðurkenning á sterkri stöðu Mosellsbæjar,“ segir Haraldur bæjarstjóri

Vel heppnað skuldabréfaútboð

Mosfellsbær efndi á dögunum til skuldabréfaútboðs til lífeyrissjóða á verðtrygðum skuldabréfum og sá Saga Capital Fjárfestingarbanki um útboðið. Saga Capital mun jafnframt sjá um skráningu bréfanna í Kauphöll Íslands. Boðnar voru út 1.000 milljónir króna á 5,0% vöxtum til tíu ára. Þetta er með bestu lánskjörum sem sveitarfélögum hefur boðist á árinu, segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Lánsféð verður nýtt til endurfjármögnunar skulda og til þess að ljúka þeim verkefnum sem eru í gangi vegna uppbyggingar í Mos-



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

fellsbæ. Þar á meðal er bygging nýs, framsækins skóla, Krikaskóla, sem tekinn verður í notkun snemma á næsta ári. Rekstur Mosfellsbæjar á árinu 2008 gekk vel – ekki síst ef miðað er við aðstæður í þjóðfélaginu. Rekstrarafgangur af A-hluta að undanskildum fjármagnsgjöldum var 414 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru tæpar 439 milljónir og er því

rekstrarhalli á A-hluta sem nemur rúmum 25 milljónum á árinu 2008. Veltufé frá rekstri var 402 milljónir og handbært fé frá rekstri var 541 milljón.

„Það er ánægjulegt að okkur hefur tekist að fjármagna brýn verkefni með betri kjörum en almennt bjóðast. Rekstrarniðurstaða síðasta árs er mjög ásættanleg og í raun afrakstur mikillar vinnu sem starfsfólk Mosfellsbæjar hefur lagt á sig til þess að gæta aðhalds og vil ég nota tækifærið og koma á framfæri þakklæti til þeirra,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri að lokum.

Handverksstofan á Hlaðhömrum

opnar aftur 24. ágúst og verður opin frá kl. 13-16 alla virka daga. Við tökum vel á móti nýju fólki og vonum að ánægja verði með það sem boðið verður uppá í vetur. Stefnt verður að því eins og áður, að fara í skoðunarferðir, leikhús og lengri ferðir. Einnig verða haldin námskeið sem verða auglýst í Mosfellingi nú í haust. Eldri borgarar eru kvattir til þess að kynna sér starfsemina og koma og sjá hvað almennt handverk og góður félagsskapur getur gert lífið skemmtilegt.

Iceland Express og *Coca-Cola* í samstarfi við Rás 2 og Morgunblaðið kynna



SUMARIÐ ER TÍMINN



Risadansleikur
í Íþróttahúsinu
Varmá

Tvær af stærstu hljómsveitum landsins **EGÓ** og **PAPAR**
halda áfram ferð sinni um landið.

Laugardagskvöldið 29. ágúst í Íþróttahúsinu Varmá
Dúettinn **Hljómur** hitar upp frá kl 23:00

prime

Forsala á www.midi.is - 18 ára aldurstakmark
Húsið opnar kl 22:30 - Miðaverð 3.000 kr.

Iceland Express
með mynd

Coca-Cola

Morgunblaðið

RÁS



Tvær konur

Laugardaginn 29. ágúst kl. 14 opna Þóra Sigurbórsdóttir leir-listarkona og Harpa Örvarsdóttir listmálari samsýningu á verkum sínum á Gallerí Hvirfli í Mosfellsdal. Sýningin „Tvær konur“ verður síðan opin alla daga til 6. september kl. 14-18 og verður vel tekið á móti gestum.

Hreindís endurgerir Hvíta máva

Söngkonan Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm hefur endurúttefið gamla lagið Hvíta máva sem Helena Eyjólfsson gerði



óðauðlegt hér fyrir á árum. Það var Óskar Einarsson sem sá um útsetninguna og spilaði á ýmis hljóðfæri. Gunnlaugur Briem sá um slagverk, Gréta Salome Stefánsdóttir spilaði á fiðlu og Jóhann Ásmundsson sá um hljóðblöndun. Hreindís Ylva vakti þónokkra athygli í vetur í Söngvakeppni Sjónvarpsins þegar hún söng lag ömmu sinnar Erlu Gíju Þorvaldsdóttur, Vornótt. Hreindís kemur fram á bæjarhátíðinni í túninu heima. Lagið má nálgast á tonlist.is.



Árlegur útimarkaður í Álafossvos

Varmársamtökin halda sinn fjórða útimarkað í Álafossvos á bæjarhátíðinni laugardaginn 29. ágúst. Margvíslegt góðgæti og varningur verður á boðstólnum s.s. grænmeti, silungur, lax, harðfiskur, sultur og mauk, fatnaður, skartgripir, snyrtivörur, blóm, kompudót, kaffiveitingar o.fl. Markaðurinn er opin frá kl. 11-16. Mjög góð aðsókn hefur frá upphafi verið að útimarkaðnum og stendur söluaðilum til boða að leigja sölubása. Nánari upplýsingar á www.varmarsamtokin.blog.is

Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ er nú haldin í fimmta sinn í lok ágúst

Metnaðarfull hátíðardagskrá

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar verður haldin helgina 28.-30. ágúst og er dagskráin að vanda fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg. Hátíðin verður sett á Miðbæjartorgi á föstudag kl. 20 og verður gengið í karnivalskrúðgöngu að lokinni setningarathöfn yfir í Ullarnesbrekkur þar sem varðeldur verður tendraður og brekkusöngur sunginn. Mosfellingar eru hvattir til að mæta í hverfislitunum og má jafnframt benda á að í ár verður breytt um lit á einu hverfi. Vegna fjölda áskorana verður hvíta hverfið BLEIKT í ár, þ.e. Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur. Íbúum er þó frjálst að nota áfram hvítan með í skreytingar.

Fjöldi frægra skemmtikrafta

Daði Þór Einarsson, skipuleggjandi hátíðarinnar, segir að hátíðin verði sú metnaðarfyllsta til þessa. „Mosfellingar nær og fjær hafa lagt sig fram við að gera hátíðina sem best úr garði að þessu sinni og vil ég fullyrða að sjaldan hefur tekist jafn vel upp með dagskráratriði og nú,“ segir Daði.

Hann bendir á að bæði laugardag og sunnudag verði fjöldi stórra og smærri atriða, jafnt fyrir börn sem fullorðna. „Fjöldi frægra skemmtikrafta og listamanna tekur þátt í ár. Má þar nefna Skoppu og Skríttlu og Björgvin Franz og dverginn Dofra úr Stundinni okkar fyrir yngstu kynslóðina. Einnig verða hvorki meiri né minni menn en Bubbi og Egó og Paparnir á útítonleikum og ballinu á laugardaginn. Svo slúttum við hátíðinni með glæsibrag í



Daði Þór skipuleggjandi hátíðarinnar og Sigríður Dögg forstöðumaður kynningarmála í Mosfellsbæ.

Íþróttamiðstöðinni á sunnudaginn með Stórsveit Reykjavíkur og snillingnum Ragga Bjarna.“

Dagskrá jafnt úti sem inni

Fjöldi viðburða verður alla helgina, víðs vegar um bæinn. Á laugardag og sunnudag verður dagskrá í Íþróttamiðstöðinni að Varmá milli klukkan 13 og 17. Þar verða kynningarbásar frá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum í Mosfellsbæ og jafnframt fjöldi skemmtiatriða sem miðast við yngstu kynslóðina.

Útimarkaðir verða á tveimur stöðum á laugardaginn klukkan 12 til 16. Annars vegar í Mosskógum í Mosfellsdal og hins vegar Álafossvos.

HVERFASKREYTINGAR

Mosfellsbæ er skipt upp í fjóra hluta og hefur hver hluti sinn sérstaka lit til að skreyta með.

- Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar
- Tangar, Holt og Miðbær
- Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur
- Reykjahverfi

Meistaramót barna hjá golfklúbbnum Kili fór fram í blíðskaparveðri

Efnilegir golfkrakkar hjá Kili



Meistaramót barna fór fram dagana 15. og 16. júlí í blíðskaparveðri. Nutu börnin sín vel í góðra vina hópi og í skemmtilegri keppni. Seinni keppnisdaginn bar það helst til tíðinda að Birnir Snær Ingason bætti dagsgamalt vallarmet Arons Skúla bróður síns um eitt högg er hann lék á 74 höggum. Bráðefnilegir kylfingar hér á ferð.

Drengir 11-13 ára léku 36 holur:

1. Birnir Snær Ingason, 150 högg
2. Aron Skúli Ingason, 153 högg
3. Theodór Ingi Gíslason, 161 högg



Stúlur 14-18 ára léku 36 holur:

1. Tanja Rós Ingadóttir, 161 högg
2. Ingunn Kristinsdóttir, 223 högg

Drengir 10 ára og yngri:

1. Ragnar Már Ríkarðss., 30 punktar

2. Sverrir Haraldsson, 27 punktar

3. Arnór Róbertsson, 23 punktar

Stúlur 13 ára og yngri:

1. Kristín María, 36 punktar
2. Arna Rún, 7 punktar



MOSFELLSBÆR



Frístundaávisun um íbúagátt

Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Mosfellsbæ með framlagi að upphæð 18.000,- kr. Markmið þessarar niðurgreiðslu er að hvetja börn og unglunga til að finna sér frístund sem hentar hverjum og einum.

Styrkurinn verður afhentur í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar og geta foreldrar og forráðamenn því með rafrænum hætti greitt fyrir frístundaiðkun barna sinna.

Ávinningurinn við að afhenda frístundaávisunina í gegnum íbúagáttina er margþættur. Ekki þarf lengur að afhenda pappír því hægt er að senda ávisun beint með tölvupósti, engin hættu er á því að ávisun týnist og vinna frístundafélaganna verður einfaldari en áður. Einnig er með þessari leið hægt að gefa kost á því að skipta styrknum niður á tvö félög.

Ef félag sem barn vill sækja námskeið hjá finnst ekki á listanum í íbúagáttinni þá hafið samband við þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700 með upplýsingar um félagið. Þjónustuverið leitar þá staðfestingar ípróttafulltrúa á því að nota megí frístundaávisunina hjá viðkomandi félagi og bætir félaginu að því búnu inn á listann.

Hvernig er frístundaávisunin notuð?

1. Skráðu þig inn í íbúagátt Mosfellsbæjar.
2. Þar smellirðu á hnappinn "Frístundaávisun" og færð upp umsóknareyðublað.
3. Veldu barn. (Barnið þarf að eiga lögheimili í Mosfellsbæ og hafa ekki þegar nýtt frístundaávisunina.)
4. Veldu frístundafélag. (Hægt er að skipta ávisuninni þannig að hún renni til tveggja félaga.)
5. Staðfestu greiðslu. (Með staðfestingu sinni á frístundaávisun í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar samþykkir forráðamaður barns að Mosfellsbær greiði völdu félagi eða félögum þá styrkfjárhæð sem tilgreind var við félagið.)
6. Þegar umsóknarferlinu er lokið birtist mynd af ávisun sem annað hvort er hægt að prenta út eða senda beint með tölvupósti á viðkomandi félag.




Reynivallakirkja verður 150 ára

Sunnudaginn 30. ágúst verður þess minnst að 150 ár eru liðin frá byggingu Reynivallakirkju í Kjós. Séra Gísli Jóhannesson lét reisa kirkjuna en yfirmiður var Bjarni Jónsson frá Brúarhrauni. Fyrr á öldum voru Reynivallir kirkjustaður í þjóðbraut þegar helsta hafskipahöfn landsins var Maríuhöfn í Hvalfirði og um hlaðið lá leiðin til Þingvalla og Skálholts. Hátíðarguðsþjónusta hefst kl. 14 og síðan verður dagskrá í Félagsgarði. Sóknarpresturinn, séra Gunnar Kristjánsson prédikar.

Endurfundir '63 árgangsins

Á þessu ári eru liðin 30 ár síðan árgangur 1963 útskrifaðist úr Gagnfræðaskólanum í Mosfellsbæ, árið 1979. „Reunionið“ fer fram laugardaginn 29. ágúst og fléttast saman við bæjarhátíðina í túninu heima. Skólinn verður heimsóttur kl. 15 og kvöldverður fer fram í Hlégarði kl. 20 sem endar að sjálfsögðu með balli í íþróttahúsinu að Varmá.



Hreyfing og hamingja að Láagafelli

Anna Ólafsdóttir Björnsson heldur myndlistarsýningu í Íþróttamiðstöðinni Láagafelli í ágústmánuði. Sýningin verður opin á opnunartíma hússins frá 6:30 til 21:30 virka daga og 8-19 um helgar. Þema sýningarinnar er „Hreyfing og hamingja“ og eru myndirnar allar olíumálverk á striga. Myndefnið er sótt í hreyfingu fólks og dýra sem ýmist eru í formi eins konar hellamálverka, sem er viðfangsefni sem Anna hefur glímt við undanfarin ár, eða í óræðu rými þar sem raunveruleikinn er afstæður.

Miðstöð fyrir íslenska hönnun, kaffihús og verslun hefur opnað í Völuteigi 6

Kaffihús og íslensk hönnun

Glæsileg miðstöð hönnunar, Hraunhús, hefur opnað í stóru og skemmtilegu rými að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ. Hraunhús er staðsett við hlið Ístex í iðnaðarhverfinu ofan Teigahverfis. Um 40 hönnuðir eiga nú þegar verk í Hraunhúsum sem ætlað er að vera miðstöð fyrir íslenska hönnun.

Hraunhús samanstendur af verslun, kaffihúsi, sýninga/veislusal og vinnuadstöðu fyrir hönnuði. Gott gengi er á milli þessara þátta því hver fær sinn sess í stórum sal og gangvegur í miðju rýminu tengir þá saman. Hraunhús munu þannig hafa beina tengingu á milli hönnuða og afurða þeirra. Gestir njóta þess að sjá, snerta og skynja það sem er að gerast í íslenskri hönnun - frumkraft og grasrót í góðu blandi við klassíska hönnun og kaffihús með tengingu við menningu og listir.

Sköpunarkraftur og notagildi

Hönnunarverslunin í Hraunhúsum nefnist Magmatika og hefur allt það að bjóða sem einkennir íslenska hönnun. Sköpunarkraftur, notagildi og óvæntir eiginleikar vöru, sem sprottin er af krafti íslenskra hönn-



Kolla Hjartar verslunarstjóri og Steinarr Logi frá Northbygg á kaffihúsinu.

uða, eru sett fram á skemmtilegan hátt. Á vefsíðunni hraunhus.is má finna allar upplýsingar og einnig er þar hægt að kaupa og panta vörur.

Öld með Halldóri Laxness

Á kaffihúsinu stendur nú yfir sýning þar sem þemað er Halldór Laxness. Sýningin heitir: Þar sem fegurðin ríkir ein - Öld með Halldóri Laxness. Textinn er tekinn saman af sýningarstjóranum Emilíu Sigmarasdóttur og Ólafi Engilbertssyni sem hannaði sýninguna. Á spjöldunum eru textar um verk Laxness eftir ýmsa þekktu rithöfunda og fræðimenn: Mát Jónsson, Sjórn, Jón Viðar Jónsson, Sigurð Gylfa Magnús-



Íslensk hönnun verður í öndvegi höfð í Hraunhúsum að Völuteigi 6.

son, Matthías Jóhannessen, Árna Sigurjónsson, Úlfhildi Dagsdóttur ofl.

Uppbygging í Völuteigi

Fyrir nokkru opnaði á sama stað Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar og V6 Sprotahús en einnig er stefnt að því á næstu vikum að opna á sama stað 500 fm veislusal. „Sókn er besta vörnin“ segir Steinarr Logi frá Northbygg aðspurður um aðstæður í þjóðfélaginu. Steinarr hvetur jafnframt Mosfellinga og nærsveitunga til að kíkja í heimsókn og skoða sig um í Hraunhúsum.

Sumaropnun Hraunhúsa er kl. 11-18 virka dag og 11-17 laugardaga auk fyrsta sunnudags í mánuði.



Krakkar

Frábær 12 vikna námskeið fyrir ykkur. Yngst 5 ára.



Keppnisdansar

Hinn frábæri danskennari Svanhildur Sigurðardóttir sér um þjálfunina. Mæting 2x eða 3x í viku.

Freestyle

Allt það nýjasta. Gestakennari Julio Esono. Yngst 9 ára. Einnig námskeið fyrir 18+



Konusalsa

Sjóðheitt námskeið. Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.



Skemmtileg hjóna- og paranámskeið

Byrjendur og framhald. Salsa-merenge, gömlu dansarnir, samkvæmisdansar og upprifjunarnámskeið.

Salsa

Kennum Kúbu-salsa



Innritun og upplýsingar í síma **551 3129** kl. 16 til 22 frá 31. ágúst til 9. sept. Kennsla hefst 11. sept.

Mosfellsbær styrkir dansnám barna
Kennsla fer fram í Varmárskóla
Sendu okkur fyrirspurn á heidarast@gmail.com

Verkefni Kjósarsýsludeildar RKÍ eru spennandi og gefandi?

MÁ BJÓÐA ÞÉR AÐ TAKA ÞÁTT?

Ert þú með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfboðaliðar hittast á miðvikudögum kl. 13-15 og þrjóna, hekla eða sauma fót fyrir hjálparstarf innanlands og erlendis. Útbúnir eru ungarnapakkar fyrir þurfandi fjölskyldur í Afríku, eða þrjónaðar flíkur fyrir Rauða kross búðirnar. Þrjónar og garn á staðnum, en einnig er velkomið að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið, vinsamlega hafið samband við deildina.

Opið hús Sjálfboðamiðstöðin Þverholti 7 er opin alla þriðju- og fimmtudaga frá kl. 10-13. Rjúkandi kaffi á könnunni, nettengdar tölvur og samvera. Allir hjartanlega velkomnir.

Ungmennastarf Tveir ungmennahópar eru starfræktir hjá deildinni. Mórall er fyrir 13-16 ára krakka og hittist alla fimmtudaga kl. 17. X-hópurinn er fyrir 16 ára og eldri og hittist einu sinni í mánuði.

Heimsóknavinir Sjálfboðaliðar heimsækja einstaklinga á heimili þeirra eða stofnanir til að draga úr félagslegri einangrun og veita félagsskap, nærveru og hlýju. Sjálfboðaliðar sækja undirbúningsnámskeið hjá Rauða krossinum og eru bundnir trúnaði við gestgjafa sína.

Foreldrarölt Sjálfboðaliðar aðstoða foreldra Varmárskóla og Lágafellsskóla við foreldrarölt á föstudags- og laugardagskvöldum. Tilgangur með foreldraröltinu er m.a. að tryggja börnum okkar betra umhverfi í heimabæ okkar.

Allar nánari upplýsingar á www.raudikrossinn.is/kjos, netfangi kjos@redcross.is og síma 898-6065.



Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

BÍLL VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Jeep Grand Cherokee

Laredo V8

NÝR BÍLL

Bensín - 5 manna

4700 cc. slagrymi - 5

dyra - 4 Heilsársdekk - 8

strokkar - Sjálfskipting -

305 hestöfl - Fjórhljóladrif



Verð 5.990.000

Aðeins fimm bílar eftir á gamla genginu

Aukahlutir & búnaður ABS hemlar - Akurstölva - Armpúði - Álfelgur

- Dráttarbeiðsi - Dráttarkúla - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskmagasín

- Geislaspillari - Glerþoppluga - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan

- Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti


- Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Samlæsingar - Spólvörn - Toppluga

- Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Aðgerðastýri - Stillanlegir pedalar - Fjarstart

- Þakbogar - Flott hljóðkerfi - Eigum þá einnig til í ódýrari útræsnum - Stórglæsilegir bílar



ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS



Fisk~ búðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbazarís)

OPIÐ TIL KL. 19:00 ALLA VIRKA DAGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

HVER
KUNNI
SKIPTIR
MÁLI



Svava Ýr Baldvinsdóttir íþróttakennari hefur haldið ýmis námskeið hér í bæ og kennt ungum sem öldnum. Öll þessi námskeið tengjast hollustu og hreyfingu.

Íþróttir eru besta forvörnin

Svava Ýr tekur á móti mér með þéttu handabandi á hlýlegu heimili sínu að Brekkutanga. Veðrið lék við okkur þennan dag og við færðum okkur út í garð þar sem ríkti algjör kyrrð, það eina sem heyrðist var fuglasöngurinn. Svava Ýr hefur sterka og góða nærveru og það þarf ekki að vera í návist hennar lengi til að sjá hversu kraftmikil og drífandi persónuleiki hún er. Líf hennar hefur meira og minna snúist um íþróttir og það kom því fáum á óvart að hún skildi velja sér það sem ævistarf að kenna og miðla áfram af reynslu sinni og þekkingu.

„Ég fæddist í Reykjavík 13. október 1965 á sama tíma og foreldrar mínir þau Þyri Huld Sigurðardóttir kennari og Baldvin Aðils Björgvinsson múrari voru að byggja sér hús í Mosfellsveit en þangað fluttum við árið 1966,“ segir Svava Ýr aðspurð um æskuárin. „Í þá daga var Mosfellsbær sannkölluð sveit, við systkinin vöknudum ítrekað á nóttunni við það að rollurnar voru að gæða sér á gróðrinum í garðinum, og maður hentist út og rak þær út í næturmyrkrið. Þabbi var með hesta í bílskúrnum og nágrannar okkar í Lágholtinu þau Unnur og Úlfur voru með hænur í garðinum og óskaplega var vinalegt að vakna að morgni við fyrsta hanagal. Ég á þrjá bræður þá Gunnar Frey sem er fæddur 1959, Pétur Fjalar er fæddur 1963 og sá yngsti Sigurður Frosti er fæddur 1980.“

Á hestbaki nánast daglega

„Þabbi byggði hesthús í hesthúsa hverfinu á Varmárbökkum og við eyddum miklum tíma þar og riðum út nánast daglega. Það var farið árlega í Fáksreiðina, dagsferðir á Þingvöll og ekki má gleyma Leirugleðinni sem Friðþjófur Þorkelsson kom á



Svava Ýr, Birkir Þór, Arnór Snær, Guðmundur, Fanney Björk og títin Dimma.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

lagginnar á sínum tíma, en það var ógleymanleg skemmtun.

Þegar kom að því að vinna í vinnuskólanum lá beinast við að fara í smalamennsku. Við vorum nokkrar dömur sem hlupum á eftir rolluskjótum nokkur sumur undir styrkri stjórn Aðalsteins Þorgeirssonar á Blikastöðum, nú eða riðum um sveitina og rákum upp í dal. Einnig vann ég um tíma í kálræktinni hjá Ásgeiri á Reykjum, það var góður tími.“

Gott að hafa mömmu

„Ég gekk í Varmárskóla og Klara Klængsdóttir kenndi mér til að byrja með. Mamma mín tók síðan við af henni og var minn kennari þar til ég byrjaði í Gagnfræðaskóla. Það var óneitanlega gott að hafa mömmu sína hjá sér og af öðrum ólöstuðum þá er hún sá allra besta kennari sem ég hef haft. Ég held ennþá sambandi við vinkonur mínar úr barnaskóla og við hittumst oft yfir góðum kaffibolla og rifjum upp gamla tíma.“

Öll kvöld úti að leika

„Íþróttir hafa alla tíð verið mikill hluti af mínu lífi. Við krakkarnir vorum öll kvöld úti að leika okkur. Ef það var ekki fótballi, yfir, fallin spýta eða snú snú þá var það teygjót,“ segir Svava hugsandi á svip. „Tíu ára gömul byrjaði ég að stunda handknattleik og þjálfarinn minn var Davíð Sigurðsson.“

Þegar ég gekk upp í meistaraflokk þá sextán ára gömul var meistaraflokkur Aftureldingar lagður niður og þá skipti ég yfir í Víking. Þar spilaði ég allan minn feril og á mjög góðar minningar þaðan.“

HM í Kína var toppurinn

„Ég hef spilað í öllum unglinga-



landsliðum og A-landsliði. Þessi tími í handboltanum var stórkostlegur og skilur eftir sig hafsþó góðra minninga. Eftir að ég hætti að spila sneri ég mér að þjálfun. Sem leikmaður og þjálfari hef ég ferðast til ótrúlega margra landa og mörg hver mjög framandi, öll þessi reynsla hefur nýst mér vel í leik og starfi. Það sem stendur upp úr af þessum ferðum er þegar við komum tuttugu ára landsliði kvenna á HM í Kína.“

Miðlar af reynslu

„Eftir að ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík lá leið mín á Laugarvatn í Íþróttakennarskólann. Þaðan útskrifaðist ég sem íþróttakennari vorið 1990. Í dag starfa ég sem íþróttakennari við Fjölbautaskólann í Breiðholti auk þess sem ég stjórna Íþróttaskóla barnanna í Mosfellsbæ og hef gert það síðan 1992. Fyrir nokkrum árum hóf ég störf hjá handknattleiksdeild Aftureldingar og reyni að miðla af reynslu og þekkingu til ungmenna hér í bæ. Eldsnemma á morgnanna mæti ég í World Class og leiðbeini þar konum og körlum í leikfimi og yf-

ir sumartímann breytist ég í Hönnu hafmeyju ásamt Kobba krókóðil og kennum við litlum krökkum sund, svo það er af nógu að taka.“

Nýtur hverrar mínútu

„Eiginmaður minn heitir Guðmundur H. Bragason, við eigum þrjú börn þau Arnór Snær sextán ára, Birkir Þór tólf ára og Fanneyju Björk sjö ára. Ég er svo heppin að þau eru öll tengd íþróttum á einn eða annan hátt og ég reyni eftir fremsta megni að styðja þau í þeim. Börnin mín eru það allra besta sem ég á og ég geri allt sem í mínu valdi stendur til að koma þeim til manns.“

Íþróttaiðkun er besta forvörnin og við foreldrar verðum að styðja börnin okkar og sýna þeim áhuga, nóg er af freistingunum sem hættur stöðja að.“

Ég spyr Svövu að lokum hvernig hún komist yfir allt þetta sem hún er að gera? „Já, ég hef oft fengið þessa spurningu,“ segir Svava hlæjandi „en svarið er einfalt, allt sem ég geri finnst mér skemmtilegt og gefandi og ég nýt hverrar mínútu.“

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Skóla­setning grunnnskóla Mosfellsbæjar

Lágafellsskóli

Nemendur mæti í hátíðarsalsal skólans
þriðjudaginn 25. ágúst sem hér segir:

- 2. bekkur kl. 9:00
- 3. bekkur kl. 9:30
- 4. bekkur kl. 10:00
- 5. bekkur kl. 10:30
- 6. og 7. bekkur kl. 11:00
- 8. og 9. bekkur kl. 12:00
- 10. bekkur kl. 13:00

Nemendur 1. bekkjar eru boðaðir skriflega til viðtals við kennara en viðtölin fara fram daganna 25. og 26. ágúst. Kennsla hefst hjá 1. bekk fimmtudaginn 27. ágúst og miðvikudaginn 26. ágúst hjá 2. – 10. bekk samkvæmt stundaskrá og sama dag tekur frístundasel til starfa.

Minum á að umsóknir vegna frístundasels, mótuneyta og ávaxtabita verða að berast í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar.

Skrifstofur skólanna eru opnar frá 8:00 – 16:00

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Varmárskóli

Nemendur mæti í skólann þriðjudaginn
25. ágúst sem hér segir:

- 1. bekkur kl. 9:00 í hátíðarsal yngri deildar
- 2. bekkur kl. 9:30 í hátíðarsal yngri deildar
- 3. – 4. bekkur kl. 10:00 í hátíðarsal yngri deildar
- 5. – 6. bekkur kl. 10:30 í hátíðarsal yngri deildar
- 8. – 9. bekkur kl. 11:00 á sal eldri deildar
- 7. bekkur kl. 12:00 á sal eldri deildar
- 10. bekkur kl. 13:00 á sal eldri deildar

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. – 10. bekk miðvikudaginn 26. ágúst og sama dag tekur frístundasel til starfa. Nýjum nemendum er boðið á kynningarfund föstudaginn 21. ágúst kl. 13:00.





Hvíti riddarinn í toppslag 3. deildar

Hvíti riddarinn hefur verið á miklu skriði í 3. deildinni undan farnar vikur. Liðið hefur unnið sex af síðustu níu leikjum sínum og þar með komist í 2. sæti riðilsins eftir nokkuð dapra byrjun. Hvíti riddarinn er með 23 stig í öðru sætinu en KFG og Berserkir eru í tveimur næstu sætum með jafnmörg stig. Lokaumferðin í riðlinum fer fram á morgun, laugardag, en Hvíti riddarinn mætir þá KFG á Varmárvelli. Sigur þar fleytir Hvíta riddaranum í úrslitakeppni 3. deildarinnar þar sem að átta lið keppa um tvö laus sæti í 2. deild að ári. Mosfellingar eru hvattir til að fjölmenna á leikinn á morgun og hvetja Hvíta riddarann til sigurs!

Happadrætti til góðs málefns

Þessa dagana ganga strákar sem verða í 4. flokki í fótboltanum á næsta tímabili í hús og selja happadrættismiða meistara-flokks karla. Strákarnir eru að hefja söfnun fyrir æfingaferð næsta vor en hlutur meistara-flokksins af miðasöluinni fer í rekstur þessa árs. Vinningaskráin ber keim af 2009, í fyrsta vinning er listflug fyrir einn og önnur verðlaun útsýnis-flug fyrir tvo yfir Mosfellsbæ, gefið af flugklúbbi Mosfellsbæjar. Engum er greiði gerður með utanlandsferð í vinning í þessu árferði. Fjöldi glæsilegra vinninga eru í boði en dregið verður í túninu heima, sunnudag kl. 14.

Skóskiptimarkaður í Túninu heima

Knattspyrnudeild mun gangast fyrir knattspyrnuskóla-skipti-markaði „Í túninu heima“. Allir sem vilja geta komið með takkaskó, gervigrasskó, innanhússkó í skiptum fyrir aðra. Þeir sem hafa keypt of stóra eða litla skó og aldrei geta notað, þeir sem hafa vaxið upp úr skónum sínum nánast óslitnum geta því orðið öðrum að liði. Láttum ekki nothæfa skó safna ryki heima ef þeir geta gengið í endurnýjun líffaga.



Strákarnir í bullandi fallbaráttu en stelpurnar í fríi Róðurinn þyngist

Meistaraflokkur karla berst þessa dagana fyrir lífi sínu í 1. deildinni. Nú þegar fimm umferðir eru eftir er Afturelding í næst neðsta sæti, þremur stigum á eftir ÍA. Strákarnir klúðruðu niður unnum leik á þriðjudaginn á móti ÍA. Staðan var 3-1 þegar fimm mín. voru eftir og víti dæmt á gestina. Allt kom fyrir ekki, vítaspyrnan fór út um þúfur og ÍR-ingar jöfnuðu leikinn með tveimur mörkum á lokamínútunum. Mikil dramatík að Varmá. Afturelding leikur gegn Víkingi í kvöld kl. 18:30 á Víkingsvelli. Strákarnir þurfa því virkilega á stuðningi og stigum að halda í þeim leikjum sem eftir eru.

Meistaraflokkur kvenna er í þriðja neðsta sæti en ekkert er leikið í Pepsi-deild kvenna þessa daganna vegna Evrópumótsins í Finnlandi.



Stuðningsyfirlýsing við meistaraflokkana í knattspyrnu

Stjórn barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar, BUR, vill lýsa yfir stuðningi við meistaraflokka karla og kvenna. Meistaraflokkarnir eru flaggskip knattspyrnudeildarinnar og líta margir ungir knattspyrnuiðkendur upp til þeirra. Knattspyrnuiðkendur í efstu flokkum eða frá 4. flokki og upp í 2. flokk karla og kvenna horfa til meistaraflokkanna og hafa langflestir það markmið að fá einn daginn að spila með meistara-flokkum Aftureldingar.

Leikmenn meistaraflokks karla standa frammi fyrir erfiðu verkefni í næstu leikjum og þurfa að berjast hart fyrir sæti sínu í 1. deildinni. Stelpurnar í meistaraflokknum eru sitt annað ár í úrvalsdeild og hafa einnig staðið í mikilli baráttu um að halda þar sæti.

Það er mikils virði fyrir knattspyrnu í Mosfellsbæ að hafa meistaraflokkana í efstu deildum. Það kostar mikla fyrirhöfn og mikið fjármagn. Þess vegna eru Mosfellingar hvattir til að taka þátt í þeim fjárf-

unum sem eru í gangi og sýna með því stuðning við unga og efnilega íþrótafólkið okkar. Einnig hvetur stjórnin Mosfellinga að mæta á þá leiki sem eftir eru og sýna þannig mikilvægasta stuðninginn.

Stjórn BUR leggur mikla áherslu á að forsvarsmenn Aftureldingar leggi allt kapp sitt á að gera veg meistaraflokkanna sem bestan.

Stjórn barna- og unglingaráðs Aftureldingar

Samstarf Mosfellsbæjar, Frístundaselsins, Lágafellsskóla, Varmárskóla og Aftureldingar

Íþróttafjör fyrir yngstu nemendurnar

Í vetur mun nemendum 1. og 2. bekk í Varmárskóla og Lágafellsskóla gefast kostur á að taka þátt í Íþróttafjöri. Íþróttafjör er samstarf flest allra deilda innan Aftureldingar, Frístundaselsins, skólanna og bæjarfélagsins. Markmiðið með Íþróttafjöri er að nemendur á þessum aldri fái að kynnst sem flestum íþróttagreinum en reynslan sýnir að börn á þessum aldri eiga erfiðara með að velja eina grein til að stunda allan veturinn. Vonin er að þetta fyrirkomulag verði krökkunum meiri hvatning til að hreyfa sig undir eftirliti þjálfara í hverri grein. Æfingátími stendur yfir í um 1½ klst eða frá rúmlega tvö til klukkan hálf fjögur. Nemandinn má velja

sér eina uppáhaldsgrein en í hverjum æfingátíma eru stundaðar tvær íþróttagreinir. Nemandinn stundar þá uppáhaldsgreinina tvisvar í viku og prófar tvær aðrar íþróttagreinir á hverri viku. Með þessum hætti ættu öll börn að finna sér íþróttagrein við hæfi.

Samvinna við framhaldsskólann

Nemendur sem eru skráðir í Frístundaselið geta nú stundað flestar sínar æfingar á vegum íþróttafélagsins á Frístundaselstíma eða fyrir klukkan fjögur á daginn. Þeir nemendur sem ekki eru skráðir í Frístundaselið en vilja taka þátt mæta í Íþróttamiðstöð á æfingadögum eftir að skóla lýkur.



Einnig verður Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ í samvinnu við Íþróttafjörið þar sem nemendur á íþrótt- og lýðheilsubraut koma að aðstoð við þjálfun á æfingum. Bréf verður sent til foreldra barna í 1. og 2. bekk í gegnum Mentor í samstarfi við frístundaselið en upplýsingar verða einnig að finna á www.mos.is og www.afturelding.is



Yngstu fótboltastrákarnir standa sig mjög vel

Króksmótsmeistarar

Drengirnir í 7. flokki knattspyrnudeildar Aftureldingar stóðu sig frábærlega á Króksmóttinu sem haldið var dagana 7.-9. ágúst á Sauðárkróki. Fjögur lið kepptu á móttinu A, B, C og D og lentu A og B liðin í fyrsta sæti, C liðið í 4. sæti og D liðið í þriðja sæti. Á meðfylgjandi mynd má sjá A og B liðin hampa verðlaunapeningunum og bikurum og með þeim eru þjálfararnir Árni og Anton og við fánann standa liðstjórnarnir Gunnar og Jón Svan.



Á minni myndinni má sjá knáa drengi úr 8. flokki sem kepptu í D-riðli á móttinu. Þeir gerðu sér lítið fyrir og hrepptu þriðja sætið. Þjálfari strákanna er Axel Lárusson.

Ný tímatafla hjá World Class um mánaðarmótin

Spennandi haustdagskrá

Haustdagskrá í World Class fer að hefjast en ný tímatafla tekur gildi 31. ágúst. Fjölbreytileg dagskrá er því framundan og af nógu að taka.

Átaksnámskeiðin sívinsælu verða á sínum stað og núna verður sú nýbreytni að þátttakendur fá fræðslu og fyrirlestur frá æfingarsálfræðingnum Ástvaldi Heiðarssyni en hans markmið er að hjálpa fólki að skilja lífsmynstrið sitt og finna hvaða leiðir eru færar til að bæta og breyta lífstíl til frambúðar.

Mömmutímarnir eru fyrir nýbakaðar mæður og einvalið sem þá leiðir en það er Sandra Dögg Árnadóttir sjúkraþjálfari sem þar er í broddi fylkingar.

Dansstúdíó WorldClass býður uppá vandaða danskennslu fyrir 7-15 ára stelpur. Lagt er mikið upp úr því að nemendur dansskólans kynni fleiri en einni hlið af dansinum. Einnig er lögð mikil áhersla á túlkun, leikræna tjáningu og framkomu.

Sex vikna sjálfsvarnarnámskeið fyrir 12-15 ára stúlkur verður aftur í boði í vetur. Markmið námskeiðsins er að kenna stúlkunum að verja sig, ásamt því að auka hjá þeim þol og styrk. Sjálfsvörnin er kennd af Di-



Alfa Regína Jóhannsdóttir stöðvarstjóri World Class í Mosfellsbæ.

eudonne Gerritsen (Don), sem er yfirkennari sjálfsvarnarskóla Íslands.

„Þetta er bara brot af þeim námskeiðum og nýjungum sem í boðið verður upp á í haust“, segir Alfa Regína, stöðvarstjóri, „í opnum tímum á tímatöflunni verðum við þar að auki með súperprek, salsa og jóga sem er allt nýtt af nálinni.“

Í TÚNINU HEIMA!



Við gerum hreint fyrir þínum dyrum!

Nú setjum við Mosfellsbæ í hátiðarbúning!

Í tilefni bæjarhátíðar Mosfellsbæjar, „Í túninu heima“ býður Gámaþjónustan hf sérstakt tilboð á sópun dagana 25. og 26. ágúst. Við bjóðum þrif á öllum útisvæðum fyrirtækja, húsfélaga, stofnana og einstaklinga, t.d. bílageymslunni, vöruhúsinu, bílplaninu og gangstéttinni.

Leitið upplýsinga í síma 535 2510.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



MOSFELLSBÆR

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING ÓSK UM TILNEFNINGU

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir því að árlega sé þeim einstaklingi, stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum í Mosfellsbæ sem hefur staðið sig best í að vinna að framgangi jafnréttisáætlunarinnar veitt jafnréttisviðurkenning.

Með hliðsjón af fyrrgreindu er hér með óskað eftir tilnefningu um aðila sem til greina geta komið. Tilnefningin skal vera skrifleg og er að finna á rafrænu formi á www.mos.is undir stjórnsýsla/umsóknir/fjölskyldusvið - tilnefning um jafnréttisviðurkenningu. Einnig má skila tilnefningu til þjónustuvers Mosfellsbæjar, Þverholti 2.

Tillögurnar berist í síðasta lagi 4. september nk.

Í tilnefningunni skal koma fram lýsing á því jafnréttisstarfi eða verkefni sem viðkomandi aðili hefur innt af hendi í bæjarfélaginu ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Viðurkenningin verður veitt á jafnréttisdegi Mosfellsbæjar þann 18. september 2009.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar



Í túninu HEIMA

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar

FIMMTUDAGUR 27. ÁGÚST

MOSFELLSBÆR SKREYTTUR

Bæjarbúar skreyta bæinn í fjórum litum eftir hverfum. Mosfellsbæ er skipt upp í fjóra hluta og hefur hver hluti sinn sérstaka lit (gulur, rauður, bleikur og blár).

Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar – **GULUR**
Tangar, Holt og Miðbær – **RAUÐUR**
Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur – **BLEIKUR**
Reykjahverfi – **BLÁR**

BÆJARLEIKHÚSIÐ KL. 20.00

Leikfélag Mosfellssveitar sýnir söngleikinn Fúttlúz. Leikgleði, barna- og unglingaleikhús Mosfellsbæjar er í ár skipað yfir 30 unglingum sem hafa æft stíft í sumar og unnið þessa sýningu af einstökum áhuga og metnaði sem ætti að hrífa alla með sér. Leikstjóri: Agnes Þorkelsdóttir Wild, danshöfundur: Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm, tónlistarstjóri: Sigrún Harðardóttir.

FÖSTUDAGUR 28. ÁGÚST

LISTASALURINN Í KJARNA

Spjöld – Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá
Kristín hefur skrifað nöfn allra íbúa Mosfellssveitar árið 1944 og hluta íbúa Mosfellsbæjar árið 2004 á plexiglerplötur. Verkið var unnið fyrir sýninguna Lýðveldið Ísland í Þrúðvangi á 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins og hefur Kristín nú fært Mosfellsbæ verkið að gjöf og er sýningin afmælisýning bæjarins í ár. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins. Allir velkomnir - aðgangur er ókeypis.

VARMÁRVÖLLUR KL. 18.30

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu Afturelding - HK.

MIÐBÆJARTORG KL. 20.00

Setning bæjarhátíðarinnar í túninu heima

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri flytur setningarávarp, umhverfisviðurkenningar afhentar, bæjarlistamaður kynntur, karnivalskrúðganga í brekkusönginn þar sem bæjarbúar mæta í sínum hverfislitum og ganga saman í flokkum í Ullarnesbrekkur.

Dagskrá í Ullarnesbrekkum:

Hornsteinn lagður að Ævintýragarði, varðeldur tendraður, Karlakór Kjalnesinga hitar upp og Dúettinn Hljómur leiðir brekkusöng. Skátar úr Mosverjum selja heitt kakó. Kyndlar tendraðir í lok dagskrár sem lýkur kl. 23.00.

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST

MIÐBÆJARTORG KL. 10.00

Regnbogahlaupið

ATORKA-mannrækt & útivist skipuleggur hringhlaup á fellin umhverfis Mosfellsbæ. Hver þátttakandi er að keppast við eigið viðmið í hlaupinu. Þeir sem ljúka hringnum á innan við þremur klukkutímum eru t.a.m. "fullfrískir", með 100% atorku. Skráning er í síma 699-6684 eða í Íþróttamiðstöðinni að Varmá og í Álafosskvos samdægurs. (www.man.is)

09.00 Boot Camp keppni (skráning í síma 862-6294)

14.30 Hraðakeppni World Class í síppi og dekkjahlaupi ofl. (skráning á staðnum)

15.45 Verðlaunaafhending í Boot Camp keppninni.

16.00 Hópflog og karamellukast frá Flugklúbbi Mosfellsbæjar.

16.17 Ólympíuleikar Mosfellsbæjar Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ KL. 13.00 – 17.00

Kynningar- og sölubásar. Hoppukastalar fyrir börnin og ís meðan birgðir endast.

Fyrirtæki, klúbbar, stofnanir, félagasamtök og einstaklingar í Mosfellsbæ kynna starfsemi sína.

Dagskrá á hátíðarsviði Íþróttahússins að Varmá

13.00 Skoppa og Skritla skemmta

14.00 Dirty Dancing - Unnur Pálmarsdóttir frá World Class stjórnar kennslu í Dirty Dancing tíma þar sem allir aldurshópar eru velkomnir að dansa, svitna og skemmta sér saman.

14.30 Karate- og Taekwondo-sýning (í sal 3)

15.00 DWC Danssýning frá World Class.

TUNGUBAKKAVÖLLUR KL. 10.00 – 16.00

Kjarnamót á Tungubökkum - Hraðmót UMFUS.

FLUGVÖLLURINN Á TUNGUBÖKKUM KL. 11.00

Módel-flugáhugamenn setja vélar sínar á loft fram eftir degi ef veður leyfir.

TORGID Í KJARNA KL. 13.30

Kammerkór Mosfellsbæjar með opna æfingu. Stjórnandi Símon H. Ívarsson.

LISTASALURINN Í KJARNA:

Spjöld – Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá

Sjá nánari lýsingu undir föstudegi. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins. Allir velkomnir - aðgangur er ókeypis.

Dagskrá dagana 27.-30. ágúst 2009

HLÉGARÐUR KL. 14.00

Tónlistardagskrá:

Nemendur frá Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar
Skólakór Varmáskóla
Vorboðarnir, kór aldraðra
Trío Reynis Sigurðssonar
Mosfellskórinn

MOSSKÓGAR Í MOSFELLSDAL KL. 12.00 – 16.00

Útimarkaður Mosskóga. Grænmeti frá Mosskógum, silungur frá
Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. Kammerkór Mosfellsbæjar
syngur kl. 14.30

ÁLAFOSSKVOS KL. 12.00 – 16.00

Útimarkaður Varmársamtakanna. Grænmeti, silungur, lax, harðfiskur,
sultur og mauk, fatnaður, skartgripir, snyrtivörur, blóm, kompuðót,
kaffiveitingar o.fl. Félagsmiðstöðin Bólið efnir til tónleika með ungum
rokkhljómsveitum. Fram koma hljómsveitirnar Furry Strangers, The
Nellies, Sleeps like an angry bear ofl.

GALLERÍ HVIRFILL Í MOSFELLSDAL KL. 14.00 – 18.00

Þóra Sigurbórsdóttir leirlistarkona og Harpa Örvarsdóttir listmálari
opna samsýningu á verkum sínum. Sýningin verður síðan opin alla daga
til 6. september kl. 14.00 -18.00
Kammerkór Mosfellsbæjar syngur kl. 15.00

GÖTUGRILL Í MOSFELLSBÆ KL. 17.00 – 20.15

Íbúar Mosfellsbæjar halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarinnar

MIÐBÆJARTORG KL. 20.30

Stórtónleikar fyrir alla fjölskylduna

Magnús Norðdal sýnir listflug við hátíðarsvæðið, úrslit tilkynn t í
hverfislistasamkeppninni.
Björgvin Franz og dvergurinn Dofri úr Stundinni okkar, Bubbi & Egó,
Paparnir, Hreindís Ylva, Alan Jones.
Kynnir: Steindi Jr. Í lokin verður Björgunarsveit in Kyndill með
flugeldasýningu.

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ KL. 23.00

Stórdansleikur

Dúettinn Hljómur hitar upp, Egó og Bubbi taka við og leika fyrir dansi
ásamt Pöpunum sem slá botninn í kvöldið. Miðaverð kr. 3.000

SUNNUDAGUR 30. ÁGÚST

LÁGAFELLSKIRKJA KL. 10.30

Göngumessa "timburleiðin"

Sr. Skirnir Garðarsson heldur göngumessu. Hist er við Lágafellskirkju
og ekið að Langatanga þar sem gengið er að Lágafellskirkju. Helgistund
að lokinni göngu.

LEIRVOGSTUNGUMELAR KL. 13.00

MotoMos heldur púkamót í motocrossi fyrir 13 ára og yngri
Allar nánari upplýsingar verða auglýstar á motomos.is.

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ KL. 13.00 – 17.00

Kynningar- og sölubásar. Hoppukastalar fyrir börnin og ís meðan birgðir endast.

Fyrirtæki, klúbbar, stofnanir, félagasamtök
og einstaklingar kynna starfsemi sína.

Dagskrá á hátíðarsviði:

13.00 Fimleika-, Karate- og Taekwondo-sýning (í sal 3)

13.30 Kirkjukór Lágafellssóknar syngur lög af efnisskrá
ferðar til Canada s.l. vor

13.50 Reykjalundarkórinn flytur ABBA og Beatles lög.

14.10 Karlakórinn Stefnir

15.00 Stórsveit Reykjavíkur ásamt Ragga Bjarna
og Kristjönu Stefánsdóttur.

**Fornbílar í Mosfellsbæ til sýnis. Allir sem eiga fornbíla í Mosfellsbæ
eru hvattir til að koma með fáka sína að Varmá og sýna gripina.**

BAKKAKOTSVÖLLUR Í MOSFELLSDAL FRÁ KL 8.00

**Golfveisla í samvinnu Golfklúbbs Bakkakots og bæjarhátíðar
Mosfellsbæjar "Í túninu heima".**

Á Bakkakotsvelli

9 holu punktamót með forgjöf. Keppt í bæði karla og kvennaflokkum
Ræst verður frá kl. 08.00, þátttökugjald einungis kr. 2000 per. spilaðan
hring. Hver spilari getur spilað fleiri en einn hring. Stórglæsileg
verðlaun. Skráning á www.golf.is

Á Steinarsvelli kl. 12.00

6 holu barnamót þar sem leikinn er högguleikur í tveimur aldursflokkum,
6-8 ára og 9-12 ára. Ræst á öllum teigum kl: 12.00 (ef þátttaka leyfir).
Mótgjald á barnamótið er kr. 500 skráning í golfskála. Verðlaun og
þátttökuviðurkenningar.

Á æfingasvæðinu kl. 12:00-14:00

Einar Lyng PGA þjálfari GOB verður með léttu tilsögn. Fríir æfingaboltar.

BÆJARLEIKHÚSIÐ KL. 16.00

Leikfélag Mosfellsuveitar sýnir söngleikinn Fúttlúz.
Sjá nánari lýsingu undir fimmtudegi.

GLJÚFRASTEINN KL. 16.00

Stofutónleikar

Einar Jóhannesson, klaríneta og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó.
Aðgangseyrir kr. 500. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.


SJÁ NÁNAR Á WWW.MOS.IS

Góða
skemmtun!



HRAUNHÚS
MAGMATIKA DESIGN STORE®

**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR
MÓTTÖKUR!**

Verið velkomin í HRAUNHÚS !
Sumaropnun er alla virka daga
11-18, laugardaga 11-17
og fyrsta sunnudag í mánuði 13-17.

www.hraunhus.is * hraunhus@hraunhus.is
Völuteigur 6 * 270 Mosfellsbær



Fyrsta strandblakmótið fer fram á bæjarhátíðinni

Strandblakvöllur tekinn í notkun

Glæsilegur strandblakvöllur hefur verið settur upp á íþróttasvæði Aftureldingar að Varmá. Völlurinn er staðsettur við innri enda áhorfendastúkunnar og var fenginn mjúkur og góður sandur frá Eyrarbakka.

Völlurinn er tilbúinn og öllum opinn. Þeir sem vilja vera öruggir með að hafa völlinn á þeim tíma sem þeir vilja geta skráð sig en búið er að setja upp skráningarblað á völlinn sjálfan þar sem hægt er að skrá sig á ákveðna daga og ákveðinn

tíma. Strandblaksbolta er hægt að fá lánaðan í afgreiðslu íþróttahússins.

Mosfellingar eru hvattir til þess að nýta sér þessa frábæru aðstöðu á meðan veður leyfir en þess má geta að blakdeild Aftureldingar mun standa fyrir strandblaksmóti á bæjarhátíðinni í tóninu heima og munu liðin verða skipuð þremur leikmönnum svo það er um að gera að fara að æfa sig og þeir sem vilja prufa er velkomið að mæta á staðinn og leika sér.

Hollywoodpema í árlegu götugrilli í Rituhöfða

Rituhöfðinn rokkar



Mikil samstaða einkennir íbúa Rituhöfða en á dögnum héldu þeir sitt árlega götugrill þar sem margir frægir kappar komu saman. Nú líður senn að bæjarhátíð og eru íbúarnir þegar farnir að undirbúa skreytingar ársins.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR

Frítt, frjálst og óháð bæjarblað

www.mosfellingur.is



Árlegur flugmódeldagur hjá flugklúbbnum Flugmódel á Tungubökkum

Laugardaginn 15. júlí var haldinn árlegur flugmódeldagur hjá Flugklúbbi Mosfellsbæjar á Tungubökkum. Fjölmenni var að venju og nutu menn dagsins við flug og indælis veður á Tungubökkum. Á þriðja tug glæsilegra, fjarstýrðra, flugmódelu voru á staðnum.

Töluvert var um gesti og höfðu þeir gaman af að skoða módelin jafnt á jörðu miðri sem í lofti. Mótstjóri var að venju Einar Páll Einarsson og tókst samkoman vel í alla staði.



Sund milli stríða

Krakkarnir í Vinnuskóla Mosfellsbæjar sjást hér undirbúa sig fyrir sundsprett í Köldukvísl á einum af góðviðrisdögum sumarsins. Míkill fjöldi unglinga hefur starfað hjá Mosfellsbæ í sumar og leggja þau nú allt kapp á að snyrta bæinn fyrir bæjarhátíðina „Í túninu heima“.



Frá Survivor-Heiðmörk ferð ungmenna-starfsins.

Öflugt starf framundan hjá Kjósarsýsludeild RKÍ Vetrarstarfið undirbúið

Nú er undirbúningur fyrir vetrarstarf Kjósarsýsludeildar Rauða krossins í fullum gangi. Öll helstu verkefni deildarinnar fara af stað á næstu vikum, fyrir utan verkefnið „Föt sem framlag“ sem hefur þegar hafið störf eftir sumarfrí. Þeir sem hafa áhuga á að leggja verkefnunum lið er bent á að hafa samband í síma 898-6065 og í netfangið kjos@redcross.is.

Sjálfbóðaliðar deildarinnar taka þátt í ýmsum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni hjá Kjósarsýsludeild eru: þátttaka í foreldrarölti grunnskólanna, ungmennastarf fyrir 13 ára og eldri, föt sem framlag þar sem föt eru prjónuð, heklud eða saumuð fyrir hjálparstarf innanlands sem erlendis og heimsóknavinir þar sem sjálfbóðaliðar heimsækja einstaklinga á heimili þeirra eða stofnanir til að draga úr félagslegri einangrun og veita félagsskap, nærveru og hlýju.

Sjálfbóðaliðarnir okkar eru einnig virkir í verkefnum eins og neyðarvörnum, hjálparsímanum 1717, Rauðakrosshúsinu Borgartúni 25, skyndihjálpi og fataflokkun svo fátt eitt sé nefnt.

Kynning í túninu heima

Kjósarsýsludeild verður með kynningarbás á bæjarhátíðinni í túninu heima. Þar verður hægt að fræðast nánar um Rauða krossinn og verkefni deildarinnar. Einnig verður boðið upp á kennslu í skyndihjálpi þar sem fólki gefst færi á að læra eða æfa blástursaðferðina. Sjálfbóðaliðum deildarinnar verður svo boðið í kaffi í Sjálfbóðamiðstöðinni Þverholti 7 eftir að bæjarhátíðinni lýkur, sunnudaginn 30. ágúst kl. 17.

Hjálparsíminn – 1717

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Hjálparsíma Rauða krossins 1717 veita allar almennar upplýsingar um Inflúensu A (H1N1)v (svínaflensuna) í gegnum gjaldfrjálsa númerið 1717. Hjálparsíminn hefur frá stofnun lagt mikið upp úr því hlutverki að veita upplýsingar um samfélagsleg úræði og þjónustu til einstaklinga um hin ýmsu mál. Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Hjálparsímans hafa fengið staðgóða fræðslu frá Landlækniseimbættinu og eru þar af leiðandi vel í stakk búnir til þess að svara almennum spurningum.

ÚTIÞJÁLFUN - NÁTTÚRULEGA BEST

Lærðu að nýta þér alla þá möguleika sem hið frábæra umhverfi okkar býður upp á í þol-, styrktar- og liðleikapjálfun - allt árið.

Upplagt fyrir félaga sem vilja koma sér í form og halda það út.

**Gott matar- og viktaraðhald fyrir þá sem þess óska.
Fyrir byrjendur og lengra komna.**

Kristín Einarasdóttir íþróttakennari og einkapjálfari.

Skráning og upplýsingar:
jon@draumagolf.is
GSM: 899 0768



Langar þig til að vinna með frábærum börnum í spennandi og fjölbreyttu starfi?

Frístundasel Lágafellsskóla leitar eftir glaðlegu og jákvæðu fólki til að vinna með börnum á aldrinum sex til níu ára.

Í boði er allt að 50% starfshlutfall.

Vinsamlegast hafið samband við: Efemíu Gísladóttur skólustjóra
í síma: 6185149 netfang: efemia@lagafellsskoli.is eða Dagbjörta Brynjarsdóttur í síma: 8962682 netfang: dagga@lagafellsskoli.is

Skólakór Varmárskóla í söngferð á afmælisári Spánarferð skólakórsins

Unglingadeild Skólakórs Varmárskóla fór í söngferð til Spánar í sumar en kórinn er 30 ára um þessar mundir. Ferðin tókst í alla staði vel og voru stúlkurnar sér og sínum til mikils sóma.

Kórinn söng ellefu sinnum í ferðinni, þar af voru þrennir tónleikar sem allir tókust mjög vel. Þeir fyrstu voru á útisviði á Bar Alfredo þar sem um 100 manns hlýddu á söng kórsins. Bareigandinn, Alfredo Diego-miranda, bauð kórnum í mat eftir tónleikana. Hápunktur ferðarinnar voru tónleikar í Palacio de la Musica, Tónlistarhöllinni í Torrevieja. Hljómburður er mjög góður og fékk kórinn frábærar viðtökur tónleikagesta. Einnig kom spænskur unglingakór, Coro Sinfonía de la Escuela Coral, fram á tónleikunum og sungu kórarnir saman tvö lög í lokin. Þriðju og síðustu tónleikarnir voru svo í Norsku sjómannakirkjunni í Torrevieja.

Gist var í fjórum sumarhúsum í eigu Íslendinga í El Melrose garðin-



um. Þegar kórinn átti frí var m.a. farið á ströndina, í Aquapolis vatnagarðinn og á útimarkað.



Benedikt Andrasen
ásamt móður sinni, Elfu Ösk

Íslandsmót haldið á svietahátíðinni „Kátt í Kjós“ Heyrúllur skreyttar

„Kátt í Kjós“ fór fram í Kjósinni um miðjan júlí og var þar mikið um dýrðir. Sveitabærir voru með opið hús og í Félagsgarði var stærðarinnar sveitamarkaður auk þess sem kvenfélagið sá um kaffi. Mesta athygli vakti þó Íslandsmeistarmótið í heyrúlluskreytingum. Það var fyrirtækið Poulsen sem var bakhjarl keppinnar sem fram fór við Félagsgarð. Dómnafnd keppinnar skipuðu þau Þorlákur Morthens (Tolli), Hrafnhildur Hafsteinsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.

Alls tóku 150 þátt í heyrúlluskreytingakeppninni en Íslandsmeistari varð Benedikt Andrasen. Í umsögn dómnefndar sagði: „Rúllan mjög vel nýtt. Litirnir fallegir og sterkir. Flott og töff „graffí“ „Kátt í Kjós“ fer sívaxandi með hverju árinu og fjöldi fólks lagði leið sína á þennan opna dag í Kjósinni.



SKÁTALEIKIR OG ÞRAUTIR Á MIÐBÆJARTORGI Í DAG

Skátaleikir og þrautir á Miðbæjartorgi í dag, föstudag, kl. 16.30

Sú skemmtilega hefð hefur skapast að félagasamtök og stofnanir í Mosfellsbæ lifga upp á tilveruna með sprelli og skemmtilegheitum á Miðbæjartorgi Mosfellinga á föstudagseftirmiðdögum nú í sumar.

Nú er röðin komin að Mosverjum og er ætlunin að vera með leiki og léttar þrautir föstudaginn 21. ágúst. Gaman verður að sjá gesti og gangandi grilla sér sykurpúða eða tálga sér smá grein í góða veðrinu, sem leikið hefur við okkur í Mosfellsbæ í sumar.

**Allir hjartanlega velkomnir
á milli 16:30 og 18.**

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar



HLUTASTÖRF Í FÉLAGS- MIÐSTÖÐINNI BÓLINU

Félagsmiðstöðin Ból, Mosfellsbæ óskar eftir að ráða starfsmenn í hlutastörf, aðallega seinni partinn og á kvöldin. Störfnir eru því tilvalin fyrir skólafólk.

Félagsmiðstöðin heldur uppi þjónustu fyrir ungt fólk í grunnskólum Mosfellsbæjar á aldrinum 12-16 ára. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar skipuleggja og halda utan um félagsstarf fyrir unglinga á aldrinum 12-16 ára.

Hæfniskröfur:

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af að vinna með ungu fólki. Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum. Lágmarksaldur er 20 ár.

Umsóknir skulu berast þjónustuveri Mosfellsbæjar, 1. hæð. Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Allar nánari upplýsingar veitir Edda Davíðsdóttir tómsundafulltrúi í síma 566-6058 frá kl. 10-12 alla virka daga eða á edda@mos.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Við hvetjum karla jafn sem konur til að sækja um starfið

Fallegt miðbæjarskipulag

Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil og metnaðarfull vinna við lokafrágang á miðbæjarskipulagi Mosfellsbæjar. Fulltrúar úr öllum flokkum, fjöldi sérfræðinga, að ógleymdum íbúum bæjarins, hafa komið að skipulaginu. Fundirnir skipta tugum og hefur jafnframt verið lögð þung áhersla á, að halda íbúum vel upplýstum á skipulagsferlinu, m.a. með opnum íbúafundum.

Vitanlega má lengi velta því fyrir sér hvort einni eða annari byggingu sé betur komið fyrir á öðrum stað en ráð er fyrir gert. Skipulagsvinna er í eðli sínu málamiðlun þar sem reynt er að koma til móts við sem flest sjónarmið. Það var alltaf gert í öllu ferlinu eftir fremsta megni og tel ég því, þetta skipulag uppsprottið af mikilli og góðri samvinnu.

Kirkjan og menningarhúsið

Nú hefur verið kynnt fyrir bæjarbúum glæsileg verðlaunatillaga



ad kirkju- og menningarhúsi. Þetta mikla og fallega mannvirki og sú starfsemi sem þar á eftir að fara fram í hjarta bæjarins á eftir að verða mikil lyftistöng fyrir Mosfellsbæ og alla bæjarbúa.

Vart þarf að fjölýrða um hversu mikil áhrif slík menningarbygging og starfsemi sem þar mun fara fram mun hafa á eflingu miðbæjarins. Flestir eru sammála um að nauðsyn hafi verið að efla hann.

Fulltrúar úr öllum flokkum, ásamt að sjálfsögðu arkitektum, tóku þátt í valinu á verðlaunatillögunni og ríkti mikill einhugur meðal allra sem þátt tóku í valinu.

Klappirnar

Ég hef marg ítrekað ánægju mína á þeim einhug sem ríkir hjá núverandi bæjaryfirvöldum Mosfellsbæjar að gera fallegu klöppunum á

miðbæjarsvæðinu sem hæst undir höfði og varðveita þær eftir fremsta megni. Ég man þá tíð, er það virtist ekkert tiltökumál að raska ró klappanna án nokkurra athugasemda, enda var það gert.

Stórum hluta af því svæði sem þarf að raska af klöppunum til að kirkju- og menningarhússbyggingin komist vel fyrir, hefur þegar verið raskað. Því er vert að geta þess að þegar hefur verið lagt til að öðru eins svæði, algerlega óröskuðu, verði bætt við innan hverfisverndar. Klapparsvæði, sem hefur til þessa verið utan hverfisverndar.

Það vekur því furðu mína, að nú fyrst skuli vera farið að gæta þess í umræðu minnihlutans á lokaspretti skipulagsins, að á leiðinni sé eitt-hvert sérstakt umhverfisslys varðandi klappirnar.

Öllum bæjarfulltrúum var að sjálfsögðu fullkunnugt um að einhverju þurfti að fórna til að koma slíku mannvirki fyrir á þessum stað.

Í samspili manns og náttúru þarf alltaf að gæta jafnvægis. Á hvorn veginn sem er, verður að gæta þess að ganga ekki of langt í umræðu og skrifum.

Klappirnar fallegu spila stóran þátt í allri hönnun kirkju- og menningarhússins eins og sjá má þegar teikningar eru skoðaðar. Ég tel engan vafa leika á að klappirnar munu fá notið sín betur en nokkru sinni fyrir í bæjarfélaginu þegar upp verður staðið.

Það er ósk mín og von að bæjarbúar séu sáttir við hið nýja miðbæjarskipulag og verði ófeymnir að láta rödd sína heyrast nú sem endranær í stórum skipulagsverkefnum.

Að lokum langar mig að þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið að gerð miðbæjarskipulagsins.

Karl Tómasson,
forseti bæjarstjórnar

Sjónarmið jafnaðarmanna mikilvægari en nokkru sinni fyrir

Nú eru erfiðir tímar á Íslandi. Fyrir aðeins ári síðan var Ísland í hópi þeirra ríkja sem minnst skulduðu og landið var talið eitt af ríkustu löndum í heimi. Nú blasir allt önnur mynd við þjóðinni. Skuldir þjóðarinnar stefna í það að verða þær mestu í sögu hennar og mörg fyrirtæki og heimili eru annað hvort gjaldþrota eða á barmi gjaldþrots. Frelsi í bankastarfsemi og viðskiptum, sem svo mikið var rómað og ekkert mátti hefta, leiddi því miður til þessa mikla falls. Það sýndi sig að ekki eru allir jafnhæfir til að lifa við slíkt frelsi. Einstaklingar í þjóðfélaginu nýttu sér aðstæðurnar og rökðu að sér fé. Græðgin var slík að mönnum sást ekki fyrir og afleiðingar eru þær að nú þarf íslenska þjóðin öll að gjalda fyrir glannaskap og óreiðu þessara einstaklinga. Reglum um starfsemi banka og fjármáls-



stofnana virðist hafa verið ábótavant og eftirlitið ekki nægilega öflugt. Þessum stofnunum var leyft að vaxa óáreittum þar til fjármála-leg umsvif þeirra voru orðin margföld á við fjárlög Íslenska ríkisins og því hafði fall þeirra þær gríðarlegu afleiðingar sem við horfum nú fram á.

Þær þrengingar sem nú blasa við bitna á sveitarfélögum í landinu líkt og á fyrirtækjum og einstaklingum. Nýlega hafa borist fréttir af mjög bágrí fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga, ekki síst sveitarfélögunna á höfuðborgarsvæðinu. Mosfellsbær stendur, sem betur fer, betur en mörg önnur sveitarfélög. Ástæðan er fyrst og fremst sú að uppbygging nýrra hverfa á síðustu árum hefur að mestu leyti orðið á landi sem ekki er í eigu sveitarfélagsins og verið kostuð af fyrirtækjum sem eiga

þetta land. Þannig hefur Mosfellsbær ekki þurft að endurgreiða lóðir í stórum stíl líkt og mörg nágranna-sveitarfélög hafa þurft að gera.

Vinna við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu náðist samstaða um að meirihluti og minnihluti í bæjarstjórn ynnu saman að áætluninni. Minnihlutinn hefði viljað koma fyrir að þessari vinnu og eiga meiri þátt í henni. Engu að síður skapaðist sátt um fjárhagsáætlunina enda lagt upp með það að vernda grunnþjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Því miður hefur fjárhagsáætluninni ekki verið fylgt að öllu leyti í framkvæmd. Þannig er fyrrséð að niðurskurður í skólamálum verður meiri en þar var gert ráð fyrir.

Þegar þrengir að fjárhag sveitarfélaga verður forgangsroðun verkefna

mikilvægari en nokkru sinni. Áherslur eru ólíkar þegar kemur að forgangsroðun. Hér er tekst á um ólíka lífsskoðun manna sem m.a. stjórnar því að fólk velur að starfa innan mismunandi stjórnmalaflokka.

Í lögum Samfylkingarinnar segir að hlutverk flokksins sé að vinna að mótun íslensks samfélags byggðu á jafnaðarstefnu, félagshyggju, frelsi einstaklingsins, kvenfrelsi, jafnrétti borgaranna og samábyrgð. Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar munu standa vörð um nauðsynlega þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og gera sitt til að tryggja að fjármagni verði veitt í öflugra stuðningsþjónustu við þá sem höllum fæti standa námslega, félagslega og efnalega.

Hanna Bjartmars Arnardóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar



Fjölskyldu TILBOÐ og allir í form:

Unglingurinn (12-18 ára) æfir frítt ef foreldrar kaupa árskort auk þess 10% afsláttur ef keypt eru fleiri en eitt árskort.
Eingreiðsluverð: 39.900 kr.
Tólf mánaðargreiðslur: 49.980 kr

STYRKJUM LÍKAMANN OG AFTURELDINGU



FRÁ KARLAKÓRNUM STEFNI MOSFELLSBÆ

Æfingar að hefjast í Harðarbolí á þriðjudagskvöldum 19:30.

Getum bætt við okkur söngmönnum í allar raddir.

Velkomnir í Harðarbolí

Ræstingar

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ óskar að ráða starfsmann í ræstingar. Um er að 50% stöðugildi.

Vinnutími er frá kl. 15-19 virka daga.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Umsóknir skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergisdóttur skólameistara, Brúarlandi, 270 Mosfellsbæ eða á netfangið gudbjorg@fmos.is í síðasta lagi 28. ágúst 2009. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublaðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur Rafn Hermannsson, húsvörður, sími: 412-8504, netfang: rafn@fmos.is eða skólameistari, sími: 864-9729 netfang: gudbjorg@fmos.is.

Skólameistari



Allir helstu vinnustaðir keppa í Ólympíuþorpinu að Varmá laugardaginn 29. ágúst.

LEIKARNIR HEFJAST KL. 16:17

Keppnisgjald er að lágmarki 15.000 kr.
Hægt er að bæta við liðum,
sendið póst á afturelding@internet.is

PIZZUR

MARGARITA

m/sósu og osti

KRYDDPIZZA

m/osti og kryddblöndu

SJÁVARRÉTTAPIZZA

m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi

HAWAII

m/sósu, osti, skinku og ananas

SOMBRERO

m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni

HRÓI HÖTTUR

m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk

BOLOGNESE

m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku

MEXICANA

m/sósu, osti, kjúklingi, nachos,

lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos

HRÓI FAJITAS

m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maiskorni

GRÆNMETISPIZZA

m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti

AMERICANA

m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk

OSTAVEISLA

m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti

SPECIALE

m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos

PEPPERONI

m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar

JUVENTUS

m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum

PIZZA BANANAS

m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas

SUPREME

m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk

KJÖTVEISLA

m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni

HVÍTLAUKSBRAUÐ

m/osti, kryddi og hvítlauksolíu

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu:
Varð á hvert ólenn.

9" 12" 15" 18"

970	1390	1680	1990
970	1390	1680	1990
1450	2020	2650	3470
1240	1790	2360	2920
1450	2020	2650	3470
1570	2250	2990	3580
1450	2020	2650	3470
1570	2250	2990	3580
1450	2020	2650	3470
1450	2020	2650	3470
1590	2570	3250	4390
1450	2020	2650	3470
970	1390	1680	1990

9" 12" 15" 18"

970	1390	1680	1990
100	200	220	510

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu

33. BEIKON BORGARI 1420 kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



Nýtt deiliskipulag miðbæjar Mosfellsbæjar

Á fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 12. ágúst sl. samþykkti bæjarstjórn að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir miðbæ Mosfellsbæjar. Kynning er fyrirhuguð á deiliskipulagstíllögunni á næstunni en það er einmitt mjög mikilvægt að íbúar bæjarfélagsins kynni sér vel hvað þar er lagt til.

Nýtt deiliskipulag miðbæjar hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið með talsverðum hléum allt frá árinu 2005. Að mínu mati hefur sú vinna einkennst af of litlu samráði en vilji meirihlutans ráðið för í flestum megin atriðum.

Það er lýsandi fyrir yfirgang meirihlutans í tengslum við skipulagið að ráðist var í hönnunarsamkeppni um kirkju- og menningarhús á reit



sem að bæjarfélagið hafði ekki yfirráð yfir og hefur ekki enn tryggt sér. Þetta hef ég ítrekað gagnrýnt í ræðu og riti og talið mikilvægt að Mosfellsbær semdi um yfirtöku á lóðarleigusamningnum gegn greiðslu eða skiptum á lóð áður en af stað er farið. Vandséð var að lóðin væri nægilega stór og þannig var fyrirséð að fara yði töluvert inn á hverfisverndað klapparsvæði til að koma byggingunni fyrir. Þá hafa bæjarbúar fram að þessu ekki fengið að segja sitt álít á samkrulli kirkju- og menningarhúss né staðsetningu kirkjunnar. Opinberlega hafa komið fram mjög deildar meiningar um hvoru tveggja.

Gagnrýni mín hefur m.a. snúið að fyrrgreindum þáttum auk þess að gagnrýna að aðeins sé gert ráð fyr-

ir 270 nýjum íbúðum á svæðinu eða innan við 500 nýjum íbúum. Öflug íbúabyggð er ein af megin forsendum mannlífs og þjónustu í miðbænum. Aukið byggingarmagn er auk þess forsenda þess að farið verði í framkvæmdir enda þurfa byggingar aðilar í sumum tilfellum að kaupa upp dýrar lóðir og hús áður en hægt verður að ráðast í framkvæmdir.

Þá lagði ég til að skoðuð yrðu áhrif fyrirhugaðra bygginga á vind á svæðinu en því var hafnað af meirihlutnum í staðinn gerði skipulagshöfundur ráð fyrir vindtefjandi grindum á byggingar sem eiga að geta dregið eitthvað úr vindi á svæðinu. Gott skjól á miðbæjarsvæði er eitt af því sem góður miðbær þarf að bjóða uppá og því taldi ég mjög mikilvægt að vinna meira með staðsetningu og lögun bygginganna með tilliti til þess.

Í umræðunni um deiliskipulagið var það sjónarmið talsvert áberandi í nefndinni að skoða bæri að staðsetja framhaldsskólann nær miðsvæðinu og tengja þar með fyrirhugaðan trjágarð og bókasafnið betur við skólann en það hefði sennilega orðið til að bæta yfirbragð tillögunar mikið.

Hvað varðar deiliskipulagsferlið sjálft þá hefði verið lýðræðislegra að fara í samkeppni um miðbæjarsvæðið í heild sinni, kynna framkomnar tillögur vel og leyfa síðan íbúum Mosfellsbæjar að kjósa um tillögurnar, þannig hefði meirihluti íbúa ráðið með hvaða hætti miðbærinn þeirra þróast og þannig tryggja íbúalýðræði í raun.

Marteinn Magnússon
bæjarfulltrúi Framsóknar



Flytja tónlist við texta Halldórs

Röð stofutónleika heldur áfram á Gljúfrasteini á sunnudaginn en þetta er fjórða árið sem þeir fara fram. Á tónleikunum 23. ágúst ætla þau Kírstín Erna Blöndal, söngkona og Gunnar Gunnarsson, píanóleikari að flytja tónlist sem gerð hefur verið við texta Halldórs Laxness. Meðal annars munu þau flytja perlu eins og Hjá lygnri móðu eftir Jón Ásgeirsson, Klementínudans eftir Atla Heimi Sveinsson, Íslenskt vögguljóð á hörpu við lag Jakobínu Thorarensen og Mannabörn eftir Tómas R. Einarsson. Halldór Laxness var mikill áhugaður um tónlist og tónlistarflutning. Hann var þrýðilegur píanisti sjálfur og rómaður fagurkeri á því sviði. Aðgangseyrir á tónleikana er 500 krónur og hefst þeir kl. 16.

Tillaga að nýjum miðbæ í Mosfellsbæ

Mosfellingar eru flestir samála að í bæinn okkar vanti miðbæ. Skipulagsnefnd hefur nú um langt skeið unnið að tillögu að nýju skipulagi fyrir miðbæ í Mosfellsbæ.

Það er því sérstakt fagnaðar efni að loks sé komið að því að hægt sé að auglýsa þessar tillögur og fá um þær frekari umræðu innan bæjarfélagsins. Þær tillögur sem nú eru auglýstar eru glæsilegar enda hefur verið vandað vel að allri vinnu. Mikil vinna var lögð í að fá fram vilja íbúanna og strax við upphaf vinnunar var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa, um hvernig þeir vildu sjá miðbæinn sinn. Í framhaldi af því var sett á fót rýnihópar sem fjölluðu sérstaklega um framlagðar tillögur.

Þessar tillögur hafa svo margt verið til umræðu bæði í skipulagsnefnd svo og í bæjarstjórn. Í febrúar síðastliðnum fjallaði Bæjarblaðið Mosfellingur ítarlega um tillöguna og í kjölfarið var haldinn opin kynningarfundur.

Grænn miðbær

Það er ljóst að Mosfellingar leggja mikið upp úr grænni ásýnd miðbæjarins og því gera tillögunar ráð fyrir



að hluti af þeim fallega skruðgarði sem nú er til staðar við Bjarkarholt haldi sér og sé hluti af miðbænum okkar. Klappirnar eru mjög mikilvægar hluti af miðbænum og því mikilvægt að halda í það svæði eins og unnt er og auka aðgengi íbúa að því.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ – aukið mannlíf

Framhaldsskóli okkar Mosfellinga verður í miðbænum og á hann án efa eftir að glæða miðbæinn okkar mannlífi. Framhaldsskólanum er ætlaður staður milli Langatanga og Bjarkarholts. Nálægðin við Vesturlandsveg gerir það að verkum að svæðið hentar ekki vel fyrir íbúðabyggð en á sama tíma er það tilvalið fyrir framhaldsskólann okkar.

Menning í öndvegi – Kirkja og menningarhús í miðbæinn

Það er margt sem við í Mosfellsbæ getum státað af og eitt af því er að hér blómstrar öflugt menningarlíf af ýmsu tagi. Það er því við hæfi að í miðbæ Mosfellsbæjar risi fallegt menningarhús. Í Mosfellsbæ er líka þörf á stærri kirkju.

Eftir þarfagreiningu hjá bæjarfélaginu og hjá kirkjunni hefur verið ákveðið að byggja kirkju- og menningarhús saman og hefur þeirri byggingu verið valinn staður á gömlu Kaupfélagslóðinni þar sem áður var Hlín Blómahús, þar eru í dag hús sem eru komin vel til ára sinna. Það svæði er í dag til lítillar þrýði fyrir bæjarfélagið og ljóst að okkur verður um mikill sómi af fallegri byggingu á þessum stað.


Farið var í samkeppni um hönnun þessa mikilvæga mannvirkis í miðbænum okkar. Vinningstillagan er glæsileg þar sem holtinu er gert hátt undir höfði og byggingin aðlöguð fallega að umhverfi sínu. Segja má að menningarhús og kirkja rammi inn holtið okkar og mun auka vitund og aðgengi íbúa að því spennandi og fallega svæði sem holtið okkar er.

Ég vona að sem flestir íbúar noti tækifærið á bæjarhátíðinni okkar, í túninu heima, og skoði glæsilegar tillögur að miðbæ, svo og vinningstillögu fyrir kirkju- og menningarhús en þessar tillögur eru til sýnis í íþróttahúsinu á meðan á hátíðinni stendur.


Bryndís Haralds
formaður skipulags- og bygginganefndar

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi
& epoxy
gólfefni



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR

Iceland Express og *Coca-Cola* í samstarfi við Rás 2 og Morgunblaðið kynna



SUMARID ER TÍMINN



Risadansleikur
í Íþróttahúsinu
Varmá

Tvær af stærstu hljómsveitum landsins **EGÓ** og **PAPAR**
halda áfram ferð sinni um landið.

Laugardagskvöldið 29. ágúst í Íþróttahúsinu Varmá

Dúettinn **Hljómur** hitar upp frá kl 23:00



prime

Forsala á www.midi.is - 18 ára aldurstakmark
Húsið opnar kl 22:30 - Miðaverð 3.000 kr.

Iceland Express
með önnu góðu

Coca-Cola

Morgunblaðið



Miðbæjarskipulag

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 12. ágúst s.l. var samþykkt að auglýsa til kynningar og athugasemda tillögu að breyttu skipulagi miðbæjarsvæðis en unnið hefur verið að endurskoðun skipulagsins í allmörg ár. Jafnframt var samþykkt að leita eftir álitum Umhverfisstofnunar á náttúrufræðilegu gildi klapparsvæðisins. Helstu ágreiningsefnin í vinnslu skipulagstillögunnar hafa verið hversu mikið skuli fjölga íbúðum á svæðinu og þá hvar, hvar gera ætti ráð fyrir byggingareit fyrir nýja kirkju og hvort hún ætti að vera sambyggð menningarhúsi og hvort hugmyndir um miðju svæðisins væru til þess fallnar að skapa það mannlíf sem verið er að sækjast eftir með tilliti til þeirrar starfsemi sem þar er gert er ráð fyrir og ýmissa umhverfisþátta s.s. skjólmyndunar.



voru niðurstöður þessarar vinnu nokkuð skýrar.

Niðurstöður voru þær að 64% vildu ekki auka íbúðabyggingu í eða við miðbæinn en 36% voru því hlynntir. Allir vildu vernda klapparholtið og tengja það betur við miðbæinn.

Hlifa gróðri við Bjarkarholtið og gera þar skrudgarð.

Eins og segir í niðurstöðunum varð talsverð umræða um staðsetningu kirkju og fannst mörgum of þröngt um kirkju við Háholt, nokkrir vildu færa hana norðar þar sem leikhúsið er nú, aðrir vestar nærri gróðrarstöðinni.

Afstaða Samfylkingarinnar

Allt frá upphafi þessarar vinnu höfum við gert athugasemdir við þann fjölda íbúða sem gert var ráð fyrir á svæðinu en verulega hefur dregið úr þeim í þeim tillögum sem nú liggja fyrir og er það vel. Við höfum haft verulegar efasemdir um sambyggingu kirkju og menningarhúss með þeirri staðsetningu sem gert er ráð fyrir. Við samþykktum að farið yrði í hugmyndasamkeppni

um verkefnið því þá kæmi í ljós hvort þau tvö megin skilyrði sem við töldum forsendu sambyggingar þessara tveggja stofnana og staðsetningar þeirra yrðu uppfyllt. Önnur forsendan var sú að skipulag bygginganna væri með þeim hætti að hvor stofnunin um sig gæti starfað á eigin forsendum óháð starfsemi hinnar. Samkvæmt þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir í vinningstillögu hugmyndasamkeppninnar sýnist okkur svo vera. Hin forsendan var sú að slíkt mannvirki myndi rúmast á þessu svæði.

Ljóst er að vinningstillagan fer nokkuð inn á hverfisverndarsvæði klapparholtsins en gert er ráð fyrir að skerða hverfisverndina nokkuð meir en byggingarreitir hússins gerir ráð fyrir. Því teljum við að mannvirkið rúmist ekki á þessu svæði án breytinga. Rétt er að bíða álitis Umhverfisstofnunar og í framhaldi af því að skoða málið að nýju.

Í umræðum við deiliskipulagsgerðina höfum við ítrekað komið með þær hugmyndir að þörf væri á að tengja betur saman fyrirhugaðan trjágarð og menningarhús ásamt því færa reit fyrir framhaldsskólann

nær því svæði og með þeim hætti að skapa samfelldari heild fyrir mannlíf og starfsemi á svæðinu. Í þessu felst jafnframt að ekki yrði þá gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhúsnæði milli athafnasvæðis og framhaldsskóla sunnan Bjarkarholtsins. Jafnframt bendum við á að í samkeppnistillögum um menningarhús og kirkju koma fram ýmsar hugmyndir um nágrenni þess svæðis sem nýta mætti í deiliskipulagstillögunni. Því teljum við að í ýmsu tilliti þurfi að vinna betur með skipulagstillöguna.

Þátttaka bæjarbúa

Það svæði sem skipulagstillagan nær yfir er hjarta bæjarins og því mjög mikilvægt að vel takist til. Þetta mál snertir alla bæjarbúa og því mikilvægt að viðhorf ykkar, hugmyndir og tillögur nái eyrum skipulagsnefndar og bæjarstjórnar. Komid þvi viðhorfum ykkar á framfæri við skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn og á kynningarfundum skipulagstillöguna.

Jónas Sigurðsson
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Styrkjum líkamann og knattspyrnudeildina

Elding líkamsrækt og knattspyrnudeild Aftureldingar hafa tekið höndum saman í heilsu-átaki í Mosfellsbæ. Elding bíður upp á verðtilboð á líkamsræktarkortum sem ekki sést annars staðar og rennur hluti af sölu kortanna til knattspyrnudeildarinnar. Samstarfið er sprettið af hugmynd um nýjar fjárfestir leiðir íþróttafélagsins. Leitað var til Eldingar líkamsræktar um samstarf og ákveðið var að hefja sölu kortanna í ágúst og september.



Mosfellingar í ræktina

Í þeim ósköpum sem ganga á þessa dagana er mikilvægt að fólk hugi að heilsunni bæði líkamlegri og um leið andlegri heilsu. Streita og of mikið álag getur hrint af stað óþarfa vanlíðan sem rífur niður stoðkerfi líkamans. Helstu einkenni stoðkerfjavandamála eru vöðvabólga, bakverkir, bólgur í liðum, höfuðverkur og aðrir óskilgreindir verkir í líkama. Regluleg hreyfing getur einnig komið í veg fyrir marga langvinna sjúkdóma eins og hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki II og önnur heilsufarsvandamál síðar á lífsleiðinni.

Reglubundin hreyfing barna og unglunga er mikilvæg

Það er ekki að ástæðulausu að Lýðheilsustöð hvetur börn og unglunga til að hreyfa sig í a.m.k. 60 mínút-

ur á dag. Hreyfing hefur góð áhrif á vöðva, bein, hjarta, hreyfigetu og líkamsþyngd og einnig hefur hún mikil forvarnargildi.

Í nýlegri rannsókn sem gerð var á íslenskum unglingum, kemur fram að jákvæð tengsl eru á milli hreyfingar, ánægju í skóla og námsárangurs. Kyrrsetulífstíll og hár líkamsþyngdarstuðull (BMI) hafa neikvæð tengsl við ánægju í skóla og námsárangur. Í rannsókn á vegum Rannsóknar og greiningar kemur fram að þeir unglingar sem hreyfa sig reglulega hafa betra sjálfstraust, eru hamingjusamari og eru ekki eins líklegir til að stunda áhættuþegðun eins og reykingar og neyslu fíkniefna.

Þó rannsóknir sýni að þátttaka unglunga, sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar, hafi aukist verulega á árabílinu 1992-2006, þá er það engu að síður áhyggjuefni að það fjölga í hóp þeirra sem ekki stunda íþróttir. Yfir 50% íslenskra unglunga eru ekki virkir þátttakendur í íþróttum. Það er því tilvalið fyrir

þá sem ekki kjósa að stunda keppnisíþróttir að kíkja í ræktina og kynna sér þá möguleikana sem þar bjóðast.

Til alls að vinna

Knattspyrnudeild Aftureldingar hvetur alla þá sem ekki hafa fjárfest í líkamsræktarkorti að leggja Aftureldingu lið og um leið styrkja eigin líkama. Elding líkamsrækt er með opið á tímum sem ættu að henta öllum, á morgnana, í hádeginu og á kvöldin. Minna má á að verkalýðsfélögin hafa í samningum sínum ákvæði um að styrkja félagsmenn til kaupa á líkamsræktarkortum.

Elding líkamsrækt tekur vel á móti öllum þeim sem ætla að ná árangri og um leið vellíðan á líkama og sál.

Kolbrún Þorsteinsdóttir,
lýðheilsufræðingur og formaður Bur
Halla Heimisdóttir,
lýðheilsufræðingur og eigandi Eldingar

TILBOÐ

pylsa, gos og súkkulaði
á aðeins 450 kr.

PYLSUVAGNINN VIÐ LÁGAFELLSLAUG



Rétt hjá JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Þarftu að breyta eða bæta heima hjá þér, utandyra sem innan? Tökum að okkur pallasmíði, viðhaldsvinnu og sérsníði.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 5.000 + vsk.*

Rúmlega nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkornustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR



...að hin árlega sultukeppni á grænmetismarkaðnum í Dalnum fari fram 29. ágúst. Sultunum er skilað samdægurs fyrir kl. 12:30.

...að nú sé líka hægt að fá sér eina franska hjá „Sveini með öllu“

...að svínaf lensan sé komin í Mosó, staðfest tilfelli eru orðin nokkur.

...að falsaðir peningaseðlar hafi fundist í verslunum í Mosó.

...að unnið sé úr fjölmörgum umsóknum um nýja eigendur Reykjalundar-Plastiðnaðar.

...að Haukur Sigurvins hafi farið holi í höggi á Hlíðarvelli í sumar.

...að Eyrún Helga eigi afmæli í dag.

...að tvítugur Mosfellingur hafi unnið tæpar 5 milljónir í gullpotti á Krínglukránni á dögnum.

...að Dóra Hlín Ingólfssdóttir hafi orðið sextug á dögnum.

...að skjálfti sé kominn í bæjarstjórnarfolk fyrir kosningarnar sem fram fara næsta vor.

...að Bjóssi og María hafi gift sig óvænt á dögnum þegar þau buðu til þrítugs-afmælisveislu.

...að Mosfellingur óski eftir verðugum andstæðingum á Ólympíuleikum vinnustaða.

...að götublaðið Rituhöfðinginn sé komið í harða samkeppni við Mosfelling.

...að Magnús í Eyjum hafi haldið veglega upp á afmæli sitt.

...að Óli íla sé nú single.

...að Ólöf Þórðar formaður Leikfélagsins hafi þrjónað og hannað brúðarkjólinn á Elinu hans Daða.

...að bæjarhátíðar-borðinn á göngu-brúnni hafi verið fjarlægður, en ekki fékkst leyfi fyrir honum.

...að Anna Heiði og Siggí Palli eigi von á barni.

...að Tóti Eggerts sé tekinn við veitingastaðnum 1919 í miðbænum.

...að fyrstu gestir á ballinu í túninu heima fái vegleg tilboð á barnum.

...að Hótel Laxness hafi sett upp skilti í leyfisleysi á hljóðmönna neðan Hlíðatúnshverfis.

...að búið sé að opna veitingastað við Esjurætur sem nefnist Esjustofa.

...að Helga Boga sé tvítug í dag.



Unglingar á sumarnámskeiði Leikfélags Mosfellssveitar setja upp söngleik Söngur og fimir fætur á Fúttlús

Sunnudaginn 9. ágúst var söngleikurinn Fúttlús (Footloose) frumsýndur í Bæjarleikhúsinu. Þar stigu ungir og efnilegir leikarar á stokk sem hafa í sumar tekið þátt í leiklistarnámskeiði á vegum Leikfélags Mosfellssveitar.

Krakkarnir sem eru á aldrinum 13-16 ára stóðu sig með mestu þryði, enda var frá upphafi mikill metnaður í hópnum. Sýningin, sem var í senn uppskeruhátíð námskeiðsins sem stóð í átta vikur, er bráðskemmtileg, myndin og full af söng og dansi.

Listrænir stjórnendur sýningarinnar eru Agnes Þorkelsdóttir Wild leikstjóri, Sigrún Harðardóttir tónlistarstjóri og Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm danshöfundur.

Næstu sýningar verða miðvikud. 26. ágúst, fimmtud. 27. ágúst og sunnud. 30. ágúst. Hægt er að nálgast miða í síma 566 7788.



Í eldhúsinu



Fiskréttur með spaghetti

HJÁ HEIDU



Ragnheiður Hrönn Björnsdóttir gefur okkur uppskrift að þessu sinni að fiskrétti með spaghetti. „Þessi uppskrift kemur frá móður minni, hún gerði iðulega þennan rétt handa okkur systkinunum þegar við vorum yngri. Móðir mín var vön að nota karrý í þennan rétt en ég breytti því í salsa-sósu við góðan orðstír. Ég síðan hálfssýð spaghettið sem er mjög mikilvægt vegna þess að ef maður sýður það til fulls verður allur safinn af fiskinum í botninum á fatinu þegar hann eldast. Ef maður hins vegar passar þetta, þá eldast spaghettið í safanum af fiskinum og sósan verður ekki of þunn. Gott er að bera fram snittubrauð með réttinum.“

1 krukka Hot Salsa dip
2 ýsuflök
1-2 tsk Aromat
spaghetti (væn lúka)
tómatsósa
ostur
brauðrasp
smjör

Aðferð:

Byrjað er á því að setja spaghettið í pott með slatta af salti og sjóða til hálf, ca.3-4 mín. Setjið Hot Salsa sósuna í botninna á eldföstu móti. Leggið flökin ofan á sósuna og kryddið með Aromati. Setjið hálfsoðna spaghettið ofan á fiskinn og sprautið slatta af tomat-

sósu ofan á spaghettið. Setjið ostsneiðar ofan á allt saman og brauðrasp þar ofan á. Setjið 4-6 smjörklípur á dreif ofan á ostinn og raspíð og setjið í forhitaðan ofninn. Bakist við 190°C í 30-40 mín (fer eftir stærð fiskflakanna) Best er að setja réttinn í stórt eldfast mót. Rétturinn er ekki síðri upphitadur næsta dag. Verði ykkur að góðu.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Hanna María fæddist 17. júní 2009. Hún vó 3645 g og var 52 cm. Foreldrar: Aðalheiður Einarssdóttir og Hákon Frank Bárðarson, Laxatungu 33.



Indiana Lucyna fæddist 21. mars 2009. Hún vó 3750 g og var 52 cm. Foreldrar: Björk Halldórsdóttir og Marcin Szafranowicz, Stórateigi.



Kristján Andri fæddist 6. apríl 2009. Foreldrar: Ásdís Arnalds og Finnur Bjarni Kristjánsson, Kvíslartungu 7.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is



Trjágróður sem hamlar vegfarendur

Mig langar að minna garðeigendur á að klippa trjágreinar í görðum sínum sem slúta víða ofan í gangstéttir meðfram götum bæjarins. Fyrir hönd gangandi vegfarenda er nauðsynlegt að benda fólki á þetta.

Íbúi í Holtunum

VERUM VINIR

Mosfellingur er á Facebook



facebook

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Sá flottasti í bænum

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042



FREKI EHF

**NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR**

gsm. 8213899 netfang. freki@internet.is



Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

**Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu**

**Útvega öll
jarðefni**

VÖRUBILL P.B.
Klapparhlíð 10
þorsteinn 822-7142



Fékkstu endurskoðun?

Tökum að okkur allar almennar viðgerðir.
Smáréttingar og sprautun - smurning öfl.



Bifreiðar & Tæki - Völuteigur 11
270 Mosfellsbæ - Sími 565 5333



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með **reynslu**

Ragnheiður Jóhannsdóttir

Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ

Sími: 869 9913

betriheilsa.is/ragga_raggasj@gmail.com



SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvaða lið vinnur
ensku deildina í ár?



ÓLAFUR:
Hull, það vita allir



SVAVA:
Manchester United



TEDDI:
Liverpool auðvitað



BIRKIR ÞÓR:
Man u



HEIÐAR:
Chelsea



ERNA:
Ekki ég



Steini og stuðpiurnar



Beta með einn vænan



Sól og sumar




Minn hinsti dans



Fellar á Flúðum



Ástin blómstrar



Fertugur og flottur



Menn að fara hjá sér?



Golf grillararnir

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Hollywood Stars



Eftirparty hjá Bobbanum




Grímuverðlaunin 2009



Veiðifélagið Heimir



Þrjár á palli




Brúðarmær



Lenegends



Mættir í Dalinn



Steggur



Stoltir Mosfellingar



Stolt Mosfellsbæjar



Rituhöfðingjarnir



KRISTÓFER OG ÖRN INGI

TÓKU SILFRIÐ Á HM U-19 Í TÚNIS

GÓÐIR



Með trompet uppí erminni



Villi strípa

ÁSLÁKUR
er opin



ORÐIÐ ALGJÖRT BULL

Mér finnst alltaf gaman að sakamála- og löggjafatöllum sem fjalla um rannsóknir á glæpum, þennan galla verð ég víst að lifa með. Það vantar nú ekki úrvalið um þessar mundir en mér þykir nú vera aðeins of mikið af því góða. Frægasti þátturinn undanfarin ár er CSI. Það er farið að angra mig hversu fátíðleg málin eru orðin, og hversu þráðurinn er orðinn þunnur. Söguhetjurnar þ.e.a.s. tæknideildin er nánast í bikini og stuttbuxum við að rannsaka blóðpolla, með hagla-byssuna í annarri hendi og gemsann í hinni.

Sökum þess hversu vinsæll þessi þáttur er hafa aðrir fylgt á eftir og sumir voru á undan. Bones þar sem vísindagellann vinsæla hefur svör við öllum glæpum. Numbers þar sem stærðfræðingurinn ógurlegi leysir öll mál fyrir bróður sinn í FBI og hefur ekkert fyrir því. NCIS fjallar um sérsveit lögreglumanna sem rannsakar glæpi og morð í hernum og þar er að sjálfsögðu einhver drepinn á hverri vakt. Crossing Jordan minnir mig að einn þáttur hafi heitið þar sem líkskoðarar og krufningsmenn sparka upp hurðum og skella glæponum í handjárn.

Nú ætla ég að skrifa handrit fyrir Hollywood þar sem húsvörðurinn Nonni og ræstingar konan Sísí í skrifstofuþynggingu lögreglunnar í Alaska berjast gegn glæpum, þar munu þau rannsaka mál og leysa þrautir ásamt löggjafnum á stöðinni, einsog í hinum þáttunum. Það munu að sjálfsögðu einhverjir drepast á hverri vakt og það verður forvitnilegt að fylgjast með þeim eltast við glæpona í bílaeltingarleik þar sem ræstingarkonan á ekki í neinum vandæðum með að ná þeim á Ferrari bifreið sinni. Húsvörðurinn er með svarta beltið í juddó og var Grænlandsmeistari í boxi og fer létt með að berja vöðvatröllin sem gera sig breiða...!

Ég er nú bara að grínast en það kæmi mér ekki á óvart að næsti bull þátturinn yrði eitthvað á þessa leið.

Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óska eftir íbúð til leigu

Ungur maður óskar eftir 3-4 herbergja íbúð til langtímaleigu. Lofar reglusemi, góðri meðferð á íbúð og öruggum greiðslum. Upplýsingar í 867-6379.

Til leigu

Til leigu er 3 herbergja íbúð á frábærum stað í miðbæ Mosfellsbæjar. Laus um miðjan september. Nánari upplýsingar í sínum 899-6972 eða 898-1028.

Íbúð óskast til leigu

Reglusamt þar leitar að 2-3 herb. íbúð á skikkanlegu verði. Sími: 866-7789 mail: solrunjons@gmail.com

Bílskúr til leigu

Til leigu er 27 fm bílskúr í Hulduhlíð 18. Upplýsingar í síma 862-0208. Guðrún Inga.

Óska eftir íbúð til leigu

Einstæður faðir með tvö börn óskar eftir 3-4 herbergja íbúð, reyklaus og reglusamur. Sími 897-1184. Hafþór.

Vantar þig meiri orku?

Jen Fe er náttúrulegur orku- og vítamíndrykkur úr m.a: Ging-seng og Aloe Vera safe. Upplýsingar á jen-fe@hotmail.com.

Xmoto krossari til sölu

Nánast ónotaður, 250cc 4stroke, árgerð 2008 með rafmagnsstarti og kickstarti, gott hjól fyrir byrjendur. Verðhugmynd 200.000.- Tilboð óskast. Sími 697-4589

Tjaldvagn til sölu

Holiday camp sport '00. Lítur vel út og tekur um 15-20 sec að tjalda, 2-3 manna. Skoðaður til 2011. Segldúkur fylgir. Verðhugmynd kr.185.000.- Tilboð óskast. Sími 697-4589

Óska eftir íbúð til leigu

Óskum eftir 3ja herb. eða stærri íbúð í nágrenni Lágafellsskóla. Erum reglusöm og reyklaus. Uppl. í síma 822-5668.

4-5 herbergja íbúð óskast

Í Mosó, nær Reykjavík. Ef í fjölbýli, þá helst á 1. hæð. Langtímaleiga, reglusemi og öruggar greiðslur. Frá og með 1. nóvember. Særún s. 663-7283.

2-3 herb. íbúð óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Er með yndislegan Labrador hund, gæltir ekki. Albert s. 862-4245.

Smáauglýsingar sendist á: mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



ÖKUKENNSLA LÁRUSAR

GSM 694-7597 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!

Er með mótór-hjólahermi, frábært fyrir byrjendur

Fáð tilboð, kenni allan daginn. Annast einnig öku-mat og upprifjun fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler löggiltur ökukennari

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



B. Markan ehf.

Pípulagnir

660 6690

Hlégarður



VEISLUGARÐUR

Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær, sími 566 6195 / 892 9411



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

BLÓMLEGUR MARKAÐUR

Grænmetismarkaðurinn að Mosskógum í Mosfellsdal er vinsæll að vanda og kennir þar ýmissa grasa. Markaðurinn er opin allra laugardaga fram í september, eða þangað til uppskeran klárast.



Mynd/Hilmir

28.-30. ÁGÚST

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar

Dagskrá alla helgina, m.a.:

Föstudagur
Setning hátíðar
Varðeldur og brekkusöngur

Laugardagur
Tónlistardagskrá í Hlégarði
Skoppa og Skríta að Varmá
Stórtónleikar á Miðbæjartorgi
Dansleikur í íþróttahúsinu

Sunnudagur
Raggi Bjarna með stórsveit

MUNUM AÐ SKREYTA

í tóninu
HEIMA



SJÁ DAGSKRÁ Í MIÐOPNU



Litlikriki

Raðhús á hagstæðu verði Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlikrika. Frábært skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm og afhendast tilbúin til innréttinga. Áhvilandi lán frá íbúðalánasjóði. Lækkað verð.



Stórikriki

340 fm einbýlishús með aukaíbúð efst í Stórkrika. Húsið afhendist fullbúið að utan en fókheld að innan sem skiptist í 280 fm aðalíbúð á tveimur hæðum auk 60 fm íbúðar (2ja herb.) með sér inngangi. Mögulegt er að hafa þrjár íbúðir.



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh. og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verðind og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á öðyari eign koma til greina.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð.



Rauðamýri

Hagstæð áhvilandi lán Falleg 143 fm endaíbúð á 1. hæð með sér inngangi og staði í lokaðri bílageymslu. Stór verðind með skjólveggjum. Þrjú svefnh. Hiti í gólfum. Fallegt útsýni til Esjunnar og út á sundin. Hagstætt áhv. lán.



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Súluhöfði

Mjög vandað og vel byggt 167 fm. parhús í enda lokaðrar götu í Mosfellsbæ. 4 góð svefnherbergi. Upptekin loft. Stór lóð. Þetta er flott eign á frábærum stað. Til greina koma skipti á minni eign í Mosfellsbæ.



Lágholt

Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við Lágholt. 4 svefnherbergi herbergi. Stór stofa sem er með ami og útgengi í fallegan garð. Rúmgott eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran sólpall.



Skeljatangi

85 fm. 3ja. herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli við Skeljatanga. Parket á gólfum. Tvö góðsvefnherbergi. Góðar svalir í suður. Fallegur garður. Hagstætt verð.



Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðu litlu fjölbýli við Tröllateig. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.